



EFNÍ BLAÐSINS



Blaðamannaverðlaun

- 4** Birgir Guðmundsson:
Batnandi blaðamennska
- 5** Tilnefningar
til Blaðamannaverðlauna 2006
- 7** Rök dómnefndar
- 8** Myndir ársins
Verðlaunamyndir blaðaljósmyndara

Umræðan

- 14** Dómur fallinn!
Áhrif Bubba-dómsins
- 18** Birgir Guðmundsson:
Fyrsta sjónvarp á Íslandi

Félagið

- 26** Arna Schram:
NJC og menntamálaráðherra

Úrskurðir

- 27** Úrskurðir siðanefndar

Félagaskrá

- 29** Meðlimir í Blaðamannafélaginu

Útgefandi: Blaðamannfélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Birgir Guðmundsson (biggi@nett.is).

Útlitshönnun: Ásprent

Prentun: Ásprent

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155,
bréfsími 553-9177 og
netfang **bi@press.is**
Heimasíða BÍ er **www.press.is**

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 10.00–15.00.
Starfsmenn BÍ í hlutastarfi eru Hjálmar Jónsson
framkvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókarí.



Forsíðumyndin

Myndin var valin „Mynd ársins“ og sýnir Sif Páls-
dóttur fimleikastúlku. Árni Torfason ljósmyndari tók
myndina.

Pressuböll og pressuverðlaun

Afhending Blaðamannaverðlaunanna var með nokkuð öðru sniði í ár en áður. Þetta var í fjórða sinn sem verðlaunin voru veitt, en að fenginni reynslu síðustu þriggja ára var ákveðið að afhenda verðlaunin fyrr að deginum og slíta þannig í sundur skemmtun kvöldsins og sjálfa verðlaunaafhendinguna. Í hin fyrri skipti hafði verðlaunaafhendingin farið fram á sérstöku pressuballi á Hótel Borg, en ýmsum þótti sem sú formfesta og stífni sem einkennir „galadansleiki“ af því tagi rímaði ekki lengur við eðliskosti og sjónarmið blaðamannastéttarinnar. Pressuballið – sem endurvakið hafði verið í sínum hefðbundna búnungi með væntingum lituðum af fortíðarþrá – var því slegið af. Í staðinn var boðið til óformlegs fagnaðar þar sem blaðamenn gátu komið saman um kvöldið. Fyrir þremur til fjórum áratugum þóttu pressuböllinn einhver áhugaverðustu böll í Reykjavík og frá þeim var sagt og með þeim fylgst um land allt. Í bráðskemmtilegri upprifjun Elínar Pálmadóttur hér í Blaðamanninum fyrir um tveimur árum á pressuböllunum á sjöunda áratugnum sagði hún m.a.: „Þess má geta að B.Í. mun hafa efnt til eins eða fleiri pressuballa á fjórða áratugnum á Hótel Borg og þá verið boðið sendiherrum erlendra ríkja, sem mættu í fullum einkennisskrúða með korða. Nú var hugmyndin að pressuböllin yrðu glæsilegasta og eftirsóttasta ball ársins, eins og blaðamenn efna víða til. Til þess að gera þau nægilega eftirsótt – með viðeigandi snobbgildi – svo að sóst yrði eftir svo dýrum aðgöngumiðum, varð að vanda mjög til matseðils og skemmtikrafta – að ekki sé talað um til ræðumanns. Heiðursgestur var jafnan stjórnmalamaður, sem hátt bar í fréttum eða skáld.“

Nú er öldin önnur og önnur boðorð sem ríkja og ólíklegt verður að teljast að önnur lífgunartilraun verði gerð á þessum herlegheitum, ekki í bráð að minnsta kosti. En ekki er annað að heyra en að það breytta fyrirkomulag sem nú var tekið upp hafi mælst vel fyrir og Blaðamannaverðlaunin og blaðaljósmyndarasýningin „Myndir ársins“ hafa ekki fengið minni athygli fyrir vikið. Jafnvel meiri ef eitthvað er. Þannig var sérstaklega ánægjulegt að sjá hvernig ýmsir fjölmiðlar, sem áttu fulltrúa í hópi þeirra sem ýmist voru tilnefndir eða hlutu verðlaun, gerðu sínu fólki hátt undir höfði í miðlum sínum og drógu það fram með stolti.

Á því leikur ekki nokkur vafi að Blaðamannaverðlaunin hafa sannað að gildi sitt á þessum stutta tíma sem þau hafa verið til staðar. Meðvitað eða ómeðvitað hafa verðlaunin og þeir blaðamenn sem þau hafa hlotið verið blaðamönnum fyrirmynd og innblástur til að gera enn betur en ella og þau hafa jafnframt vakið athygli almennings á því sem vel er gert í íslenskri blaðamennsku. Að þessu leyti eru verðlaunin að verða álíka mikilvæg og ljósmyndaverðlaunin eru blaðaljósmyndurum. Ástæða er þó til að gefa því gaum sem dómnefndarmenn komu á framfæri, að tímabært sé að íhuga hvort fjölga beri flokkum í verðlauninum.

Í þessu tölublaði er víða komið við þó aðalefnið sé um Blaðamannaverðlaunin og ljósmyndasamkeppni blaðaljósmyndara. Fjallað er um hið sérkennilega NJC mál auk þess sem skyggst er um öxl í fjölmiðlasögunni og greint frá fyrsta sjónvarpinu hér á landi, en mjög lítið hefur verið um það fjallað.

Birgir Guðmundsson

Stjórn BÍ:

Arna Schram, formaður
Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, varaformaður
Arndís Þorgeirsdóttir, gjaldkeri
Sigurður Már Jónsson, ritari
Hilmar Þór Guðmundsson
Elva Björk Sverrisdóttir
Svanborg Sigmarsdóttir

Varamenn:

Ingibjörg Bára Sveinsdóttir
Jóhannes Kr. Kristjánsson
Þorvaldur Örn Kristmundsson

Samningaráð:

Arna Schram, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir,
Hjálmar Jónsson, Mbl., Lilly Valgerður Pétursdóttir,
Svanborg Sigmarsdóttir, Róbert Róbertsson,
og Þorvaldur Ö. Kristmundsson

Varamenn:

Egill Ólafsson, Fríða Björnsdóttir,
og Jakob Bjarnar Grétarsson

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Birgir Guðmundsson formaður, Elín Albertsdóttir,
Jóhannes Tómasson, Lúdvík Geirsson,
og Sigríður Árnadóttir

Stjórn Styrktarsjóðs:

Hjálmar Jónsson, Arndís Þorgeirsdóttir,
Lilly Valgerður Pétursdóttir

Varamenn:

Fríða Björnsdóttir, Guðni Einarsson,
Eiríkur St. Eiríksson

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:

Guðni Einarsson, Kristín Heiða Kristinsdóttir
og Hjálmar Jónsson

Fréttablaðið:

Kristín Eva Þórhallsdóttir

Stöð 2:

Hrafnhildur Harðardóttir, Sólveig Kr. Bergmann
og Lilly Valgerður Pétursdóttir

Blaðið:

Ingólfur Júlíusson

Viðskiptablaðið:

Sigurður Már Jónsson

Birtingur:

Ásta Andrésdóttir

Krónikan:

Sigrún María Kristinsdóttir

Orlofs- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, formaður
Hilmar Karlsson, varaformaður
Lúdvík Geirsson, ritari

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

Síðanefnd:

Kristinn Hallgrímsson, lögm., formaður
Hjörtur Gíslason, blm., varaformaður
Sigurveig Jónsdóttir, fyrrv. fréttastjóri
Brynhildur Ólafsdóttir, fulltrúi útgefenda
Salvör Nordal, fulltrúi Síðanefndar H.Í.

Varamenn eru:

Jóhannes Tómasson
Valgerður Jóhannsdóttir
Þór Jónsson



Batnandi blaðamennska

Ræða Birgis Guðmundssonar formanns dómnefndar við afhendingu Blaðamannaverðlaunanna í Þingholti, Hótel Holti

Ágætu gestir.

Nú er komið að því að veita Blaðamannaverðlaunin í fjórða sinn og eins og endranær hefur starf dómnefndar ekki verið auðvelt. Dómnefnd barst mikill fjöldi tilnefninga frá almenningi og hinum einstöku miðlum og sátu dómnefndarmenn löngum stundum yfir því sem kalla má rjómann af íslenskri blaðamennsku á síðasta ári. Vissulega er ekki hægt að útiloka að eitthvað sem erindi hefði átt inn á borð dómnefndar hafi ekki ratað þangað, en miðað við magn og gæði þeirrar vinnu sem tilnefnd var er erfitt að ímynda sér að það hafi verið mikið.

Við sem fáum það vandasama hlutverk að kynna okkur og meta allar þessar tilnefningar njótum í raun og sann einstakra forréttinda, að því leyti að fáir ef einhver fær eins heilsteypa yfirsýn eða tækifæri til að kynna sér stöðu mála í íslenskri blaðamennsku og við. Það er ekki einvörðungu að við fáum tækifæri til að kynna okkur það sem almennt er talin góð blaðamennska, heldur njótum við þess að geta kynnt okkur þessa blaðamennsku með heildstæðum hætti, séð heilu þáttaraðirnar eða lesið greinaflokkanna í einni beit og auk þess höfum við þann ávinning umfram þá sem voru að vinna í þeirri blaðamennsku sem við erum að skoða að við getum dæmt vinnubrögðin í ljósi reynslu raunverulegrar sögulegrar framvindu. En – um leið og það getur verið gott að geta byggt dóma um

blaðamennsku á grundvelli reynslunnar og því sem við vitum að gerðist í framhaldi af þeim fyrirbærum sem greint var frá, höfum við í dómnefndinni verið meðvituð um þau vinnuskilyrði blaðamanna að þurfa að berjast í óvissu samtímans og jafnvel vera að móta og hafa áhrif á verðandi augnabliksins. Því segi ég að fáir ef nokkrir eru í betri aðstöðu til þess þessa dagana, en einmitt þessi dómnefnd, að gefa út upplýst og ígrundað heilbrigðisvottorð fyrir íslenska blaðamennsku. Slíkt vottorð er ég fyrir mína parta tilbúinn að gefa hér og nú. Vissulega má finna einhver dæmi sem gagnrýna má, en almennt séð er blaðamennskan hér á landi í mun betra ástandi en ætla mætti af þeim umvöndunartón sem oft heyrst í umræðunni. Ég er satt að segja ekki frá því að fagleg vinnubrögð í íslenskri blaðamennsku séu almennt að verða meira áberandi ár frá ári og þá þannig að vönduð vinnubrögð og hugmyndaauðgi, sem lengi hafa verið til staðar, séu nú að verða algengari og sjálfsagðari en áður. Það er vissulega mikið gleðiefni, og sérstaklega hlýtur það að vera gleðiefni forustu Blaðamannasamtakanna, sem hefur haft þá yfirlýstu stefnu að efla fagvitund og gæði í blaðamennsku í landinu, m.a. með því að efna til þeirra verðlauna sem nú er verið að veita.

Blaðamannaverðlaunin eru ung, sérstaklega í samanburði við langa sögu slíkra verðlauna hjá kollegum okkar erlendis. Það er edlilegt að leitast sé

við að læra af reynslunni í því skyni að betrumbæta, rétt eins og þetta form sem við höfum á afhendingunni í dag er ákveðin þróun og breyting frá því sem verið hefur. Í dómnefndinni höfum við iðulega fundið fyrir því að okkur þykja tiltekin dæmi um blaðamennsku þess virði að á hana sé sérstaklega bent, en hins vegar hafi ekki gefist tækifæri til þess með góðu móti innan þeirrar skilgreiningar og þeirra flokka sem reglugerðin um verðlaunin kveður á um. Þá hefur okkur fundist að gott hefði verið ef flokkarnir væru fleiri og næðu með einhverjum hætti betur utan um þá fjölbreyttu flóru sem blaðamennska á ljósvakanum, á netinu, í dagblöðum og í tímaritum í raun er. Það er því full ástæða fyrir forustu Blaðamannafélagsins að íhuga kosti þess og galla að fjölga verðlaunaflokkum. Kanna til dæmis hvort taka beri upp verðlaunaflokk fyrir viðtöl eða frétt ársins, svo dæmi séu tekin.

En eins og er þá eru flokkarnir þrír, Besta umfjöllun ársins 2006, Rannsóknarblaðamennska ársins 2006 og Blaðamannaverðlaun ársins 2006. Fyrir viku síðan lagði dómnefnd fram lista yfir þrjár tilnefningar til verðlauna í hverjum flokki eins og reglugerðin kveður á um. Í lokin langar mig að lesa upp þessar tilnefningar og undirstrika með því að ég lít á þetta fólk allt sem sigurvegara, sem er að fá mikla viðurkenningu frá kollegum sínum og á að vera og er öðrum til fyrirmyndar. Ég vil síðan biðja viðstadda að klappa fyrir þessu fólk.

Tilnefningar til Blaðamannaverðlauna ársins 2006

Hér á eftir fara tilnefningar dómnefndar Blaðamannaverðlauna Íslands til verðlauna fyrir árið 2006.

Besta umfjöllun ársins 2006:

Auðunn Arnórssón, Fréttablaðinu, fyrir ítarlega, aðgengi-lega og vandaða umfjöllun um Evrópumál í greinaflokknum „Ísland og Evrópusambandið“.

Jóhanna Vilhjálmisdóttir, Kastljósi, fyrir tímabæra, upplýsandi og notendavæna greiningu á hugtökum og staðreyndum úr orðræðu stjórnámálanna um skattkerfið og þróun þess.

Sigríður Víðis Jónsdóttir, Morgunblaðinu fyrir vandaða og viðamikla umfjöllun um úrræði í skólakerfinu fyrir börn með hegðunarfrávik og geðraskanir í greinaflokknum "Verkefni eða vandamál?"

Rannsóknarblaðamennska ársins 2006:

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, Blaðinu fyrir uppljóstrandi fréttaröð í Fréttablaðinu um margfaldan verðmun á samheitalyfjum á Íslandi annars vegar og Danmörku hins vegar.

Henry Birgir Gunnarsson, Fréttablaðinu, fyrir fréttaskrif og eftirfylgd þar sem upplýst er um mikinn mun á launum og kjörum karla og kvenna í A-landslíðum Íslands í knattspyrnu.

Jóhannes Kr. Kristjánsson, Kompási fyrir nýstárlega, hugmyndaríka og afhjúpanði umfjöllun um bæði málefni barnaniðinga og um málefni Byrgisins.

Blaðamannaverðlaun ársins 2006:

Davíð Logi Sigurðsson, Morgunblaðinu fyrir skrif um alþjóðamál, þar á meðal skrif um Guantanamo-fangabúðirnar á Kúbu og Íslensku friðargæsluna.

Halldór Baldursson, Blaðinu og Viðskiptablaðinu fyrir skop- og ádeiluteikningar sínar og túlkun á fréttæmum íslenskum þjóðfélagsviðburðum.

Kolbrún Bergþórsdóttir, Blaðinu fyrir fjölbreytileg og áhugaverð mannlífsviðtöl og menningarskrif sem dreifast yfir allt árið 2006.



Frá afhendingu Blaðamannaverðlaunanna í Þingholti, Hótel Holti.

Mynd: Brynjar Gauti

BLAÐAMANNAVERÐLAUN



Verðlaunahafarnir. Frá vinstri: Auðunn Arnórsson, Fréttablaðinu, fékk verðlaun fyrir bestu umfjöllun, Árni Torfason ljósmyndari fékk verðlaun fyrir mynd ársins, Lára Ómarsdóttir og Ingi R. Ingason, fyrir hönd Kompáss, sem hlaut verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku, og Davíð Logi Sigurðsson, sem hlaut Blaðamannaverðlaunin 2006.

Mynd: Brynjar Gauti



Auðunn Arnórsson tekur við verðlaunum úr hendi Sigríðar Árnadóttur dómnefndarmanns.



Rökstuðningur dómnefndar fyrir vali sínu tilkynntur. Birgir Guðmundsson, formaður dómnefndar, í ræðustóli. Honum á hægri hönd eru Sigríður Árnadóttir, Elin Albertsdóttir, Jóhannes Tómasson og Lúdvík Geirsson.



press.is vefur BÍ



Rök dómnefndar Blaðamannaverðlauna árið 2006

Besta umfjöllun ársins 2006:

Auðunn Arnórsson, Fréttablaðinu, fyrir ítarlega, aðgengilega og vandaða umfjöllun um Evrópumál í greinaflokknum „Ísland og Evrópusambandið“.

Greinaflokkur Auðuns Arnórssonar um Ísland og Evrópusambandið byggir á mikilli yfirsýn og yfirburða þekkingu á flóknu og vandasömu málefni, sem brýnt er að gera aðgengilegt almenningi. Hér er um að ræða eitt eldfimasta mál í íslenskri þjóðfélagsumræðu en umfjöllun Auðuns var í góðu jafnvægi og dró fram þá þætti og þær hliðar sem mestu skiptu. Greinaflokknum var haldið reglubundið úti yfir nokkurra mánaða tímabil og gátu lesendur gengið að upplýsandi umfjöllun um Evrópumál vísri. Þar voru jafnt stofnanakerfi sem ýmis hitamál Evrópusambandsins útskýrð og sett í íslenskt samhengi. Það var einkennandi fyrir umfjöllun Auðuns að honum tókst að gera mikilvægum og flóknum málum skil með alþýðlegum hætti samhliða því að hann tengdi þá við atburði líðandi stundar.

Rannsóknarblaðamennska ársins 2006:

Jóhannes Kr. Kristjánsson, Kompási, fyrir nýstárlega, hugmyndaríka og afhjúpanði umfjöllun um bæði málefni barnaníðinga og um málefni Byrgisins.

Jóhannes Kr. Kristjánsson, ritstjóri, hefur í fréttaskýringaþætti sínum, Kompási, slegið nýjan og áhrifaríkan tón í íslenskri rannsóknarblaðamennsku. Umfjöllun hans um mál barnaníðinga annars vegar og um málefni Byrgisins hins vegar afhjúpaði hvor með sínum hætti ljótleika sem almenníngi og yfirvöldum hafði verið meira og minna hulinn. Mikilvægi þessara afhjúpana sést best í þeirri feiknarlegu umræðu sem fylgt hefur í kjölfarið og enn sér ekki fyrir endann á. Að hluta til má rekja upp-ljóstranir Jóhannesar og Kompáss til

notkunar á þekktum, en um leið frekar óhefðbundnum og afar vandasömum aðferðum við fréttatöflun. Slíkar aðferðir krefjast vandvirkni, hugmyndaauðgi, ritstjórnarlegs aga og síðast en ekki síst hugrekki. Það einstigi tókst að þræða í þessum mikilvægu þáttum um leið og rannsóknarblaðamennska á Íslandi öðlaðist sérstaka viðurkenningu og þakklæti í huga almennings.

Blaðamannaverðlaun ársins 2006:

Davíð Logi Sigurðsson, Morgunblaðinu, fyrir skrif um alþjóðamál, þar á meðal skrif um Guantanamo-fangabúðirnar á Kúbu og Íslensku friðargæsluna.

Þrátt fyrir mikilvæga og þarfa þjónustu alþjóðlegra fréttastofa sem senda frá sér unnar og meira og minna staðlaðar fréttir af erlendum málefnum geta þær aldrei orðið íslenskum almenningi jafn mikilvæg upplýsingauppspretta og frásögn íslenskra blaðamanna sem fara á vettvang veraldarviðburða. Davíð Logi Sigurðsson hefur árum saman skrifað um erlend málefni og í því skyni farið vítt um heim. Þöulega koma upplýsingar hans og túlkun frá fyrstu hendi sem auðveldar skilning og færir lesendur nær viðfangsefniinu. Greinar Davíðs Loga um Guantanamo og Íslensku friðargæsluna eru góð dæmi um þetta. Hann var fyrstur íslenskra blaðamanna til að heimsækja Guantanamo-fangabúðirnar á Kúbu og skrifaði um þær greinar þar sem aðbúnaði og viðhorfum er lýst með einstökum hætti. Jafnframt voru fengin fram sjónarmið fyrirverandi fanga sem fylltu upp í þá heildarmynd sem upp var dregin.

Við skrif greina sinna um mýkri ásýnd Íslensku friðargæslunnar fór Davíð Logi í vettvangsheimsókn til Sri Lanka og dró upp mynd af aðstæðum og starfsumhverfinu þar. Þetta tengdi hann síðan viðbrögðum og starfseminni hér heima og þeim áhrifum sem stefnubreyting ráðherra hafði á embættismannakerfið. Meðal annars komu þá fram upplýsingar um greiningardeild sýslumannsins á Keflavíkflugvelli.



GLITNIR ÓSKAR
BLAÐALJÓSMYNDURUM
ÁRSINS 2006
TIL HAMINGJU MEÐ
VIÐURKENNINGUNA

Glitnir veitti verðlaun í níu flokkum af tíu á árlegri ljósmyndasýningu Blaðaljósmyndarafélags Íslands.

GLITNIR


Verðlaunamyndirnar 2006



Mynd ársins



Sif Pálsdóttir varð fyrst íslenskra kvenna Norðurlandameistari kvenna í fjölþraut fimleika á Norðurlandamóttinu í fimleikum sem fram fór í Versölum, fimleikahúsi Gerplu, helgina 8.-9. apríl 2006. Hún varð einnig Norðurlandameistari í æfingum á tvíslá og hlaut silfurverðlaun í gólfæfingum og æfingum á jafnvægisslá. Sif hætti keppni í áhaldafimleikum á árinu en keppir enn í hópfimleikum með félögum sínum í Gróttu.

Álit dómnefndar:



Mynd ársins er óvenjuleg íþróttamynd. Afskaplega fallega uppbyggð, einföld og tæknilega vel gerð svarthvít mynd. Hún er óræð. Það er ekki gott að segja hvort stúlkan á myndinni er í fimleikum, í sundi eða einhverju allt öðru. Dómnefndin féll fyrir fegurð myndarinnar.



Blaðamannafélag
Íslands veitti verðlaun
í þessum flokki



Árni Torfason



Fréttamynd ársins 2006



Karlmaður á þrítugsaldri beið bana í bílslysi á Vesturlandsvegi, rétt norðan við Þingvallaafleggjarann, síðdegis þann 10. desember. Hann var ökumaður fólksbífreiðar sem lenti á öfugum vegarhelmingi með þeim afleiðingum að hann rakst á jeppling sem kom á móti. Veður var vont og skyggni slæmt. Miklar bílaraðir mynduðust beggja vegna slysstaðarins og kom það lögreglu í opna skjöldu hve skilningur ökumanna á aðstæðum var lítil. Fjöldi ökumanna hringdi í lögregluna og skammaðist yfir seingangi en aðrir sendu starfsmönnum á slysstað tóninn. Í kjölfar fréttaplutnings af þessum atburðum höfðu margir samband við lögreglu dagana á eftir og báðust afsökunar á framferði sínu.

Álit dómnefndar:

Sorglegustu fréttir ársins voru án alls efa hin hræðilegu bílslys. Þrjátíu létust í bílslysum á síðasta ári og enn fleiri slösuðust. Margir alvarlega. Sigurmyndin sýnir aðkomu að alvarlegu slysi á Vesturlandsvegi. Myndin er afar sorgleg.

Ahorfandinn fær sting í hjartað, svo köld og nístandi er hún.



Júlíus Sigurjónsson



Álit dómnefndar:

Frábær augnabliksmynd. Það er sjaldgæft að ná sjö knattspyrnumönnum í einni kös í loftinu. Mjög lýsandi fyrir þá baráttu sem jafnan er í knattspyrnuleikjum.



Valgarður Gíslason

Íþróttamynd ársins



Hef'ann!!! FH tekst á við KR í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.

Portrettmynd ársins



Sigurbergur og Þorgeir Sigurðssonir í Sunnuholti á Seyðisfirði. Bræðurnir í stofunni á Austurvegi 47. Myndirnar af þeim fyrir ofan dyrnar málaði myndlistarnemi sem dvaldi á Seyðisfirði og gaf þeim.



Þorvaldur Örn Kristmundsson

Álit dómnefndar:

Hrífandi portrettmynd af tveimur veðurbörnum bræðrum. Hér fara saman áhuga-
verð andlit og umhverfi sem skapar sterka heild. Mynd sem segir svo margt en
skilur samt eftir spurningar.



Árni Torfason

Landslagsmynd ársins



Skeiðarársandur séður út um bíglugga á ferð.



Álit dómnefndar:

Óvenjuleg landslagsmynd.
Tekin úr bíl á ferð og sýnir
beijandi fljót. Skemmtileg
hreyfing er í henni og sérlega
falleg áferð.



Myndröð ársins



Ragnar Axelsson

Álit dómnefndar:

Sinubruninn á Mýrum í byrjun árs er einn sá umfangsmesti sem sögur fara af. Myndröðin sem sigur bar úr bítum sýnir vel umfangið bæði úr lofti og á jörðu niðri og segir góða sögu.



Sinueldar

Þann 30. mars 2006 kviknaði í sínu við Snæfellsnesveg á Mýrum í Borgarfirði og breiddist eldurinn hratt út til vesturs. Þegar mest var logaði eldurinn á ríflega 60 ferkílómetra svæði og ógnaði bæði skepnum og húsum. Slökkvilið og bændur börðust við að bjarga húsum og gripum frá eldhafinu sem var allt að fjögurra metra hátt og svo þykkur var reykurinn að myrkt varð um hábjartan dag. Alls urðu tólf jarðir fyrir barðinu á eldinum. Besta ráðið til að hefta útbreiðsluna reyndist vera öflugar dráttarvélar og haugsugur sem notaðar voru til að bleyta gróður en einnig var þyrta notuð við slökkvistarfið. Ekki tókst að kveða eldana niður að fullu fyrr en að morgni 1. apríl. Skemmdir á gróðri voru miklar. Daginn eftir kviknaði í sínu við Esjuberg á Kjalarnesi og varð af mikið reykhafl svo stöðva varð umferð um Vesturlandsveg um tíma. Hross voru í hættu en þeim var bjargað.



Skoplegasta mynd ársins



Hörður Sveinsson

Nemendur við Viðskiptaháskólann á Bifröst endurvöktu gamlar hugmyndir um að leggja golfvöll í Viðey og sögðu það arðbæra fjárfestingu.

Álit dómnefndar:

Fyndin mynd sem sýnir bjartsýnismann reyna að slá golfbolta yfir Viðeyjarsundið. Kannski dæmigerð mynd fyrir óbilandi bjartsýni og áræðni Íslendinga þessi misserin.



Kjartan Þorbjörnsson

Álit dómnefndar:

Tæknilega vel unnin mynd og frumleg. Kallast skemmtilega á við málverkið á veggnum. Ber þess merki að ljósmyndarinn hefur lagt mikla vinnu og natni í fjölda smáatriða sem koma í ljós við nánari skoðun.



Þegar nafn Eyjólf Pálssonar í Epal ber á góma tengja flestir það við íslenska hönnun og erlend gæðahúsgögn. Í rúmlega 30 ár hefur hann verið óþreytandi við að opna augu landans fyrir þeirri verðmætasköpun sem felst í vandaðri hönnun og er eigi einhamur.

Tímaritsmynd ársins





Bragi Þór
Jósefsson

Daglegt líf



Efra-Breiðholt í Reykjavík.

Álit dómnefndar:

Hógvær og lágstemmd mynd sem lætur kannski ekki mikið yfir sér, en sýnir daglegan veruleika ungmenna og þeirra nánasta umhverfi í dæmigerðu íslensku úthverfi.



Þjóðlegasta mynd ársins



Fátt er meira hressandi en að slaka á í gufubaði eftir amstur dagsins. Þessi sundlaugargestur í Laugardal tyllti sér á bekk og kældi sig niður í frostinu eftir frískandi eimbaðið eitt vetrarkvöldið og lét kuldann ekki á sig fá.



Kjartan
Þorbjörnsson

Álit dómnefndar:

Sigurmyndin gæti vart verið þjóðlegri. Maður kælir sig niður í nístandi kulda eftir gufubað. Mjög góð stemning er í myndinni. Hún er einföld og í henni mjög fallegir litir.





Aðalfundur BÍ 2007



**Mánudaginn 30. apríl
kl. 20:00 í húsakynnum
félagsins að Síðumúla 23**

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands árið 2007 verður haldinn mánudaginn 30. apríl nk. í húsakynnum félagsins að Síðumúla 23 í Reykjavík og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20:00.

Dagskrá fundarins

Venjuleg aðalfundarstörf
Skýrslur frá starfsnefndum
Kosningar
Önnur mál

**Félagar í BÍ eru hvattir til
að taka kvöldið frá og
mæta á fundinn!**

Dómur fallinn!

Bubbadómur og áhrif hans á dagleg störf blaðamanna

Hæstiréttur hefur nýlega staðfest í öllum aðalatriðum dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Ásbjörns K. Morthens gegn Garðari Erni Úlfarssyni og 365-prentmiðlum ehf. frá því 28. mars 2006. Af ýmsum ástæðum eru þessir dómur áhuga-verðir fyrir blaðamenn. Þarna eru á ferðinni dómur sem snerta daglegt starfsumhverfi og starfsskilyrði blaðamanna og þeir snerta líka ýmis grundvallaratriði varðandi blaðamennskuna sjálfa, skilning okkar á henni og ýmis viðtekin vinnubrögð. Það er því óheppilegt að hvorki í Hæstarétti né í Héraðsdómi eyddu dómur miklu þúfri í að rökstyðja einstök atriði, því vissulega hefði verið fengur að því að fá nánari útfærslu á ýmsu sem í dómnum er nánast talið vera sjálfsagðir hlutir.

Hér á eftir langar mig að nefna nokkur slík atriði, og vísa þá til dóms Héraðsdóms því þar er að finna frumrökin sem Hæstiréttur síðan fellst á. Á stöku stað má þó finna nánari umsögn í dómi Hæstaréttar og verður þess þá getið sérstaklega. Almennu skilaboðin til okkar blaðamanna, sem í þessum dómum báðum felast, eru nokkuð víðtæk og snúast um ákveðin grundvallaratriði sem blaðamenn þurfa hikaust að velja fyrir sér og bregðast við með einhverjum hætti. Þetta er það sem ég vil kalla ritstjórnarvald dómstóla eða fréttamat dómstóla, en í því felst að skilgreiningin á frétt og fréttæfnum hefur verið að færast frá fjölmiðlum og yfir til dómstóla.

En fyrst langar mig að nefna einstök atriði í dómnum sem tengjast daglegum störfum fréttamanna og hefði verið gagnlegt að fá betri útskýringu á – annað hvort í Héraðsdómi eða í Hæstarétti.

Það er niðurstaða Héraðsdóms í þessu máli, að átt hafi sér stað tvenns konar brot gegn Ásbirni K. Morthens. Annars vegar ólöglegt meingerð gegn friði hans og hins vegar ólöglegt meingerð gegn æru hans. Nauðsynlegt er að skoða þessar niðurstöður hvora fyrir sig, því þær snúast í raun um sitt hvort málið – annars vegar um fyrirsögnina á forsíðu og hins vegar um myndatökuna og myndbirtinguna.

Fyrirsögnin á forsíðu: Þetta er það sem mest umræðan hefur spunnist um og menn lagt með ólíkum hætti út af því hvað nákvæmlega felist í orðunum: „Bubbi fallinn“. Það ætti að vera óþarfi að eyða mjög mörgum orðum að þessu álitamáli því margir hafa orðið til þess að ræða merkinguna sem slíka. Það dylst hins vegar engum – og ekki dómurinum heldur – að þarna er verið að leika sér að orðum og vísvit-

andi notað tvírætt orðalag. Niðurstaða dómurans var hins vegar sú að á forsíðu *Hér og nú* væri einungis hægt að skilja þetta á einn veg, og áður en ég skoðaði málsvörn 365 manna hafði ég tilhneigingu til að vera sammála því. Hins vegar er ljóst að tvíræðnin er svo mikil að hugmyndin hlýtur að hafa verið að fyrirsögnin yrði fyndin. Kannski var hún það, en í leiðinni var hún auðvitað villandi – og almennt er það ekki gott í fréttum. Hins vegar er varla tilefni til að ræða miklu meira um hvað var nákvæmlega sagt á þessari forsíðu, að öðru leyti en því að ég vek athygli á því að í dómi Héraðsdóms er einmitt fjallað um þessa tilteknu fyrirsögn með tvennum hætti. Annars vegar er það fyrirsögnin á forsíðu og hins vegar fyrirsögnin inni í blaðinu, sem er samhljóða fyrirsögninni á forsíðunni. Um þetta segir í dómnum:

„Sömu orð birtast á bls. 16 og 17. Þar eru einnig birtar myndir af stefnanda, sama mynd og birtist á forsíðunni og fleiri myndir mjög líkar, en þær eru bersýnilega allar teknar í sömu andrá. Þá er þar stutt klausa með minna letri þar sem rætt er um það að stefnandi sé byrjaður að reykja aftur, sé fallinn á reykbindindi sínu. **Í samhengi við þennan texta felur fyrirsögnin ekki eins og sama fyrirsögn á forsíðu (í sér) fullyrðingu um vímuefnanotkun, þó vissulega leiki höfundur sér að tvíræðri merkingu orðanna.** Því er hér ekki á ferð aðdróttun í skilningi almennra hegningarlaga. Verður að hafna kröfu um ómerkingu ummælanna í þessum búngi.“ (leturbreyting BG)

Það er því forsíðufyrirsögnin sem er hin ólöglega meingerð gegn æru Ásbjörns K. Morthens, vegna þess að tvíræðnin er að mati dómurans ekki til staðar nema þegar fréttin sjálf og tilvísunin í tóbakið er með í umfjölluninni. Það er með öðrum orðum forsíðutilvísunin á fréttina sem er ólöglegt en ekki fréttin sjálf. Þetta skiptir miklu máli fyrir dagleg störf blaðamanna, eins og við þekkjum því það er verið segja að TILVÍSUN í frétt/umfjöllun geti verið sjálfstætt sakarefni, en ekki bara umfjöllunin í heild. Það er vel þekkt vinnuregla í blaðamennsku bæði hér heima og erlendis að vísa til einherrar umfjöllunar og nota þá það sem stundum er kallaður „teaser“ til að draga menn að og kveikja áhuga fyrir umfjölluninni sjálfri. Persónulega hef ég haft á tilfinningunni að blaðamenn hafi umgengist tilvísanir á umfjöllun sem hluta af heildarumfjöllun, enda komi í ljós hvað við er átt í greininni sjálfri í viðkomandi blaði. En samkvæmt dómnum er hins vegar greinilegt að það geta menn ekki gert, a.m.k. ekki sjálfkrafa. Vissulega má til sanns vegar færa að forsíður bæði DV og *Hér og nú* og raunar annarra blaða úr



365 samsteypunni njóti nokkurrar sérstöðu vegna innra auglýsingakerfis þar sem forsíðurnar eru yfirleitt sýndar í öðrum blöðum og því ekki kostur á samhenginu á sama hátt og ef fólk væri með sjálft blaðið í höndunum.

Ég held semsé að þessi dómur kalli á endurnýjaða hugsun hjá blaðamönnum varðandi tilvísanir, og þá auðvitað hjá sjónvörpum líka t.d. varðandi stikkorð/slögg í „helsti“ og jafnvel er hægt að hugsa sér að „helstið“ í útvarpsfréttum þyrfti að taka tillit til þessarar niðurstöðu.

Myndatakan og myndbirtingin: Hin niðurstaða dómsins fjallaði um ólögmeeta meingerð gegn friði Ásbjörns K. Morthens. Þar snýst málið um myndatökuna. Hér skiptir máli fordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Karólínu prinsessu gegn Þýskalandi. En hér skipta líka máli fyrir dagleg störf blaðamanna skilgreiningar sem snúa að grundvallaratriðum í samskiptum blaðamanna og almennings og blaðamanna og svokallaðra opinberra persóna. Hér hefði mjög gjarnan mátt koma ítarlegri rökstuðningur frá dómurinum eða frá Hæstarétti, því málið er mikilvægt. Dómurinn setur nefnilega fram þessa grundvallarskilgreiningu:

„Telja verður að myndataka af manni sem situr í bifreið sé óheimil á sama hátt og myndataka á heimili hans, þótt við sérstakar aðstæður kunni hún að vera heimil.“

Í þessu felst að þegar menn eru í bíl sínum sé það svipað

og þeir séu á heimili sínu og njóti þar af leiðandi sérstaklega ríks réttar til einkalífs. Vek reyndar athygli á undantekningunni sem felst í þessu sem segir „að við sérstakar aðstæður kunni hún að vera heimil,“ en að undantekningunni kem ég síðar.

En er það sjálfgefið að maður í bíl sé ekki á almannaferi heldur á „heimili sínu“?! Samkvæmt því sem Gunnar G. Schram segir í bók sinni „Stjórnskipunarréttur“ frá 1999 – (sem er eftir að Ísland hefur lögleitt mannréttindakafla stjórnskrárinnar) – þá hefur friðhelgi heimilisins (eða einkalífs í 71. gr.) verið túlkuð nokkuð vítt. Gunnar segir:

„Friðhelgi heimilisins er talin á eftir friðhelgi einkalífs í 1. mgr. 71. gr. Þegar rætt er um heimili í þessu sambandi er fyrst og fremst átt við dvalarstað manns þar sem hann býr að staðaldri og geymir persónulega muni sína. Gildissvið ákvæðisins hefur þó ekki verið bundið við heimili í þröngum skilningi, heldur einnig litið svo á að hér undir falli skrifstofa manna, verslunarhús, verkstæði, bílskúr og þess háttar sem maður hefur rétt til þess að loka af og hamla öðrum aðgang að. Sama máli gegnir um skip og önnur farartæki, svo sem bifreiðar og flugvélar.“

Þannig má greinilega flokka bíl undir heimili samkvæmt þessu, en hins vegar vakna spurningarnar allar aftur þegar kannað er hvers vegna verið er að lýsa heimilið friðhelgt í þessu sambandi samkvæmt Gunnari Schram: Hann segir að það sé tvíþætt:



- a) Að ekki megi gera húsleit án heimildar
- b) Að ekki megi þvinga menn til að yfirgefa heimili sitt án lagaheimildar.

Það er augljós munur þarna á, og skilgreiningin á heimili í þeim skilningi að menn séu ekki á almannafæri er teygð eins langt og hægt er. Óneitanlega spyr maður sig þá hvort Ásbjörn hefði verið innan veggja heimilisins ef hann hefði verið á mótorhjól, eða jafnvel reiðhjól? Hafa menn þá heimild til að hegða sér eins og heima hjá sér að öllu leyti þegar þeir eru í bíl sínum hvar sem er – þar með t.d. að vera naktir eða í einhverjum mjög persónulegum athöfnum?! Það hefði verið gagnlegt að fá ítarlegri útleggingu á þessu með bílinn og heimilið frá öðru hvoru dómstiginu, en Hæstiréttur bætir engu við fátæklegar skýringar Héraðsdóms í þessu efni. Að búa til reglu þar sem bíll er heimili ruglar hins vegar að mínum dómi málið og gæti gert ljósmyndurum og blaðamönnum hin daglegu störf afar erfið ef slíkri reglu væri fylgt út í æsar. Það væri eflaust margfalt einfaldara að styðjast við einhverja reglu, sem segði einfaldlega að ef viðkomandi sé augljóslega búinn á einhvern hátt

að draga sig í hlé til að fá að vera í friði og ástæða sé til að ætla að hann hegði sér af þeirri ástæðu á annan hátt en hann myndi gera ef hann vissi að hann væri innan um annað fólk, þá eigi hann að njóta friðhelgi. Það virðist raunar vera það sem dómari er að segja þegar allt kemur til alls – nema að það er sett í þann búning að bíllinn skipti þar öllu.

Og þá er komið að undantekningunni sem dómari setti við regluna um það að myndataka af manni sem situr í bifreið sé óheimil á sama hátt og myndataka á heimili hans,

„nema að við sérstakar aðstæður kunni hún að vera heimil“.

Fyrir fjölmiðlamenn almennt og fyrir samfélagið í heild er það e.t.v. einmitt þessi aukasetning um að við sérstakar aðstæður kunni myndataka að vera heimil, sem skiptir mestu máli. Það er þarna sem línurnar milli tjáningarfrelsisins og einkalífsins skerast. Myndataka af Ásbirni K. Morthens hefði nefnilega hugsanlega orðið heimil við sérstakar aðstæður og þessar aðstæður eru þær, að ef fréttin hefði verið nægjanlega merkileg hefði hún verið í lagi. Samkvæmt fréttamati Héraðsdóms Reykjavíkur var þessi



frétt ekki nægjanlega merkileg til að heimila myndatöku af manni inni í bíl og þess vegna telst það ólöglegt meingerð gegn friði hans. Um þetta segir í dóminum:

„Myndir voru hér teknar af stefnanda þar sem hann sat í bifreið sinni á götuhorni í Reykjavík. Ökuferðin eða dvöl stefnanda í Reykjavík þá stundina var ekki sérstaklega fréttuþæg og hafði ekki þýðingu í almennt þjóðfélagsumræðu á þeim tíma. Sama verður að segja um þær staðreyndir að hann var að tala í farsíma og var með sígarettu í munninum. Myndataka og birting myndanna var því tilefnislaus. Með myndunum fann ritstjórn blaðsins tilefni til stuttrar umfjöllunar um bindindi stefnanda.“

Hér er það fréttamat dómarsins sem ræður ferðinni, því til efnið er ekki nægt til að flokkast sem „sérstakar aðstæður sem heimili myndatöku“. Í þessu efni bætir Hæstiréttur heldur við röksemdafærsluna þó hún sé raunar á sömu lund. Í dómi Hæstaréttar segir:

„Þegar metnar eru þær skorður sem friðhelgi einkalífs setur tjáningarfrelsinu, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskránnar, skiptir grundvallarmáli hvort hið birta efni, myndir eða texti, geti talist þáttur í almennt þjóðfélagsumræðu

og eigi þannig erindi til almennings. Þær myndir sem hér eru til umfjöllunar tengjast á engan hátt slíkri umræðu. Tilgangur birtingar þeirra sýnist hafa verið sá einn að svara ætluðum áhuga almennings á einkamálefnum gagnáfrýjanda og framsetningin á forsiðu blaðsins miðuð við að auka sölu þess.”

Dómstólarnir hafa þannig skilgreint að fréttir af hversdagslífi frægs fólks eins og Ásbjörns Morthens séu í raun ekki fréttir, alla vega ekki nægilega merkilegar fréttir til þess að rjúfa stranga túlkun á friðhelgi einkalífs þess.

Þetta er samt ekki einsdæmi í þessum dómi heldur er þetta miklu víðtækari tilhneiging. Við höfum hér fyrir okkur dæmi sem „ritstjórnir“ í Héraðsdómi Reykjavíkur og Hæstarétti telja ekki vera frétt, en skoðum þá dæmi um mál sem þeir telja vera frétt.

Skoðum dóm Héraðsdóms í máli Jónínu Benediktsdóttur gegn 365-prentmiðlum og Kára Jónassyni, sem féll miðvikudaginn 14. desember 2005 og var síðan staðfestur í Hæstarétti. Þar takast vissulega á mörk tjáningarfrelsis og einkalífs, en Fréttablaðið birti opinberlega nokkur einkatölvuskeyti úr pósti Jónínu. Ef við sleppum fyrirvörum sem vissulega kunna að skipta máli varðandi það að ósannað væri að ljósritin sem Fréttablaðið hafði komist yfir væru í raun einkaeign Jónínu, þá er niðurstaðan sú að fréttaflutningurinn hafi verið innan eðlilegra marka, og málið væntanlega nægjanlega mikilvægt til að aðstæður heimili innrás í friðhelgi einkalífs. Í dómi Héraðsdóms segir:

„Fréttablaðið birti frásagnir byggðar á þessum gögnum, um efni sem varðar ætlaðan aðdraganda viðamikils opinbers máls en þar var ekki vikið að einkamálefnum stefnda og er eigi sýnt fram á að sú hafi verið ætlinin. Með skrifum Fréttablaðsins var ekki farið út fyrir mörk sem tjáningarfrelsi eru sett ...“

Þannig virðist nokkuð ljóst að fréttamat dómstólanna gerir ráð fyrir ákveðnum eðlismun á fréttum sem hafa þjóðfélagslega skírskotun og skipta miklu máli fyrir almannaheill eins og það er stundum orðað og svo fréttum af lífi og starfi fræga fólksins – „celebrities“. Hér er komin nokkuð skýr lína sem er algerlega í samræmi við þá línu sem dregin var í Karólínudóminum fræga og hafa þeir spámenn sem töldu þann dóm enga þýðingu hafa, þar með ekki reynst sannspár.

Vandi blaðamanna í þessum efnunum er hins vegar sá, að stór hluti stéttarinnar, bæði hér á Íslandi og í Evrópu, er

ekki sammála fréttamati dómstólanna. Dómstólarnir sjálfir eru raunar ekki endilega innbyrðis sammála heldur, en erfitt er að horfa framhjá túlkun Mannréttindadómstólsins í Strassborg. Ágreiningurinn kristallast raunar í ólíkri nálgun þýska Stjórnlagadómstólsins annars vegar og Mannréttindadómstólsins hins vegar í máli Karólínu prinsessu. Þýski dómstóllinn miðaði við að markalínan lægi þar sem augljóst væri að Karólína hefði dregið sig í hlé frá umhverfinu og hegðaði sér því á annan hátt en hún hefði gert hefði hún augljóslega verið á almannafæri. Það var t.d. þegar hún var inni á veitingahúsi með kærastanum og borðaði í rólegheitum. Hins vegar gildi það ekki um það þegar hún var á hestbaki eða á reiðhjóli á almannafæri. Í samræmi við það sagði Stjórnlagadómstóllinn sumar myndanna í lagi, en ekki aðrar. Dómstóllinn hafði ekki áhyggjur af því í hvaða tilgangi myndirnar væru teknar og sagði einfaldlega að fólk ætti rétt að fá fréttir af fína og fræga fólkinu rétt eins og aðrar fréttir.

Mannréttindadómstóllinn hins vegar var á annarri skoðun, hann hafði allt annað fréttamat. Hann taldi að þá og því aðeins að fréttir af prinsessunni væru framlag til almennrar umræðu eða almannaheilla, ættu þær rétt á sér, en það hvernig hún hegðaði sér í einkalífi – jafnvel á fjölförnum stöðum – væri ekki eitthvað sem almenning varðaði um.

Sú meginlína sem fram kemur í dóminum um Ásbjörn K. Morthens og Hér og nú, þ.e. að ráðist hafi verið gegn friði Ásbjörns, ætti því í raun ekki að hafa átt að koma á óvart. Ritstjórnarstefna og fréttamat dómstóla að þessu leyti væru gefin út Strassborg sumarið 2004. Það verða menn að sætta sig við. Íslenskir dómarmar hafa fylgt þessari meginlínu og sett sitt mark á hana, túlkað hana og útfært. Það er hins vegar ekki nauðsynlegt að sætta sig við hvaða túlkun eða útfærslu sem er. Útfærslan og túlkunin skiptir nefnilega miklu máli og sérstaklega er mikilvægt að nú, þegar verið er að móta dómaframkvæmdina, séu dómarmar vel rökstuddir og að dómstólar reyni að hafa taumhald á fréttastjórn sinni og ritstjórnarhneigð. Þeirra hlutverk er þrátt fyrir allt fyrst og fremst að meta í einstökum tilfellum hvort gengið hafi verið of langt á réttindi tiltekinna einstaklinga til einkalífs, ekki að gefa út staðla um það hvað sé frétt næmt eða ekki almennt í samfélaginu. Þrátt fyrir stefnumörkunina í Karólínudómunum er umtalsvert svigrúm til túlkunar, og mikilvægt að sú túlkun sé eftir því sem hægt er, hófleg og þrengi ekki óeðlilega að starfsmöguleikum og tjáningarfrelsi fjölmiðla.

Birgir Guðmundsson

(Grein þessi er að stofni til erindi sem flutt var eftir dóm Héraðsdóms á Pressukvöldi Blaðamannafélagsins)



Endurmenntun hjá Skóla 365

Fyrir skömmu fór fram í annað sinn útskrift úr Skóla 365 sem er endurmenntunarskóli í samstarfi 365 og Háskólans í Reykjavík. Að þessu sinni útskrifuðust 13 frá námskeiði skólans í fréttamennsku. Ólöf Pind Aldísardóttir, Valur Grettisson og Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir fengu afhent blóm fyrir góðan árangur á námskeiðinu. Í Skóla 365 er lögð rík áhersla á að þátttakendur öðlist dýpri þekkingu á fréttamennsku fyrir allar tegundir fjölmiðla.

Námskeið Skóla 365 eru opin öllum sem starfa við fjölmiðla sem og öðrum sem standast sérstök inntökuskilyrði, en markmiðið með þeim er að koma til móts við fræðsluþarfir og endurmenntun blaða- og fréttamanna.

Á næsta námskeiði verður fjölmiðlastill tekinn sérstaklega fyrir. Þar verða haldnir fyrirlestrar og lögð fyrir verkefni sem miða að því að gera

þátttakendum kleift að temja sér betri og beittari stílbrögð í fréttaskrifum. Blaða- og fréttamenn frá mörgum fjölmiðlum tóku þátt í nýafstöðnu námskeiði.

Fyrir í vetur var haldið námskeið í rannsóknablaðamennsku. Markmið þess var að nemandinn gæti stundað rannsóknir og tölvuútreikninga. Kennari og fyrirlesari á báðum námskeiðum var Jónas Kristjánsson ritstjóri.



Hópurinn sem tók þátt í námskeiðinu ásamt kennara, Jónasi Kristjánssyni.



Ari Edwald forstjóri 365 hf. afhenti Ólöfu Pind Aldísardóttur fréttamanni á Stöð 2 viðurkenningu. Með Ólöfu (í miðju) og Ara á myndinni er Lára N. Eggertsdóttir framkvæmdastjóri Ljósavamiðla 365.



Reynir Traustason ritstjóri Mannlífs afhenti Ingibjörgu Dögg viðurkenningu. Ingibjörg hefur verið blaðamaður á Ísafold og Mannlífi.



Valur Grettisson blaðamaður á DV tekur hér við blómum frá Þór Clausen forstöðumanni Símenntar HR.

Fyrsta Sjónvarp á Íslandi

– Sjónvarp á Akureyri 1934-1936



Eftir
Birgi Guðmundsson

Árið 2006 var að ýmsu leyti tímamóta-ár í ljósvakamiðlun, ekki síst á Íslandi. Þá voru liðin 80 ár frá því að fyrsta opinbera sjónvarpsútsendingin í heiminum fór fram. Jafnframt voru liðin 80 ár frá því að fyrsta útvarpsútsendingin fór fram á Íslandi hjá einkastöðinni Útvarpi hf. í Reykjavík. Ríkisútvarpið sjálf hafði orðið 75 ára árinu áður en árið 2006 markaði 40 ára afmæli Ríkisútvarpsins Sjónvarfs. Þá voru einnig liðin 20 ár frá því að fyrsta einkasjónvarpsstöðin, Stöð 2 fór í loftið og frá því að einkaútvarp var endurreist með Bylgjunni. Það hefur

hins vegar farið minna fyrir því að menn minnst þess að árið 2006 markar 70 ára „dánarafmæli“ fyrstu, skammlífu, en afar merku sjónvarpsstarfsemi á Íslandi, sem fram fór á Akureyri á árunum frá 1934-1936. Þetta var móttaka á vélrænum sjónvarpsútsendingum, sem hinn breski F.L. Hogg verkfræðingur og Grímur Sigurðsson síðar útvarpsvirkjameistari stóðu fyrir. Svo virðist sem þar hafi tveir menn norður við ysta haf í kyrrþey tekið þátt í tilurð og mótun sjónvarps í heiminum, einhverju mesta ævintýri 20. aldarinnar, á meðan aðrir bæjarbúar höfðu nóg með brauðstrit hversdagsins sem þá markaðist enn verulega af erfiði Kreppunnar miklu. Hér á eftir verður sögð og sett í samhengi sagan um þessa tvo menn og þetta tiltölulega skammvinna – og nánast leynilega sjónvarpsævintýri.

Sjónarhæðarsöfnuður


Forsögu þessara sjónvarpsútsendinga má rekja til þess að breski trú-

boðinn Arthur Gook settist að á Akureyri árið 1905, eftir að hafa fengið köllun um að koma til Íslands. Gook fylgdi þannig lærimeistara sínum úr Plymouth Brethren söfnuðinum breska (Plymouth bræðrahreyfingunni), trúboðanum Fredrik Harry Jones sem hafði komið til Íslands og látið reisa húsið Sjónarhæð á Akureyri strax eftir aldamótin, eða 1901. (Súlur bls. 28-34.) Arthur Gook gerðist umsvifamikill á fjölmörgum sviðum á Akureyri þá hálfu öld sem hann bjó hér, en hann flutti aftur til Englands árið 1955. Hann var allan þennan tíma forstöðumaður safnaðarins sem kenndur er við Sjónarhæð, Sjónarhæðarsafnaðarins, en hann lét einnig til sín taka á sviði fræðimennsku, hómópatíu, og síðast en ekki síst fjölmöla.

Málgagn Sjónarhæðarsafnaðarins hóf göngu sína árið 1912 og þar mátti lesa eitt og annað um trúarleg efni og fá fréttir af því sem var að gerast hjá söfnuðinum. Athygli vekur að í Norðurljósinu má nánast frá upphafi greina talsverðan áhuga á tækni- og fjarskiptamálum og í þriðja tölublaði 1912 er t.d. grein um loftskeytasamskipti eða fjarritun eða það sem Gook kallar í greininni „firðritun“. Þó sú grein þróist yfir í vangaveltur um ósýnileg samskipti og samband Drottins við spámennt og postula er greinilegt að á Sjónarhæð höfðu menn auga fyrir þeim nýju möguleikum sem opnuðust með nýrri tækni, frekar en að þeir hefðu mikinn áhuga á tækninni tækninnar vegna.

„Práðlausar firðtalstöðvar“

Það er enda í Norðurljósinu sem Gook opnar á umræðu um útvarp, en það gerist strax 1925. Ætla má að Gook og hans menn hafi með sjálfstæðum



Arthur Gook.

(Mynd: Minjasafnið á Akureyri)



Sendingarbúnaðurinn kemur til Akureyrar. Hann vó á þriðja tonn. (Mynd: Minjasafnið á Akureyri)

hætti fengið hugmyndir um útvarpsrekstur óháð því að á sama tíma eru Ottó Arnar og fleiri að undirbúa slíkan rekstur í Reykjavík. Hugtakanotkunin bendir til þess. Á meðan orð eins og útvarp, víðvarp eða víðboð, sem þýðing á enska orðinu „broadcasting“ og skandinavíska orðinu „kringkastning“ voru notuð í umræðunni í Reykjavík, þá heldur Gook sig við fyrri orðstofn „firð“- í Norðurljósinu og talar um „firðtalstöðvar“. Hins vegar er greinilegt að þegar Gook fer að rekast í erindum í Reykjavík vegna leyfis fyrir stöðinni í febrúar-mars 1925 þá hættir hann að tala um „firðtalstöð“ og skiptir yfir í „víðboðs“-stöð og svo er orðið „útvarp“ komið inn í myndina strax sumarið 1925. Í athugasemd í grein í Norðurljósinu þetta sumar segir Gook: „Á þingi og í leyfisbrjefinu sjálfu er „Radio“ kallað „útvarp“, svo að jeg býst við, að það heiti verði látið halda sjer í framtíðinni.“ (Norðurljósið 9. árg. 5.-6. bls 20).

Það er afar áhugavert að sjá hvernig Gook ávarpar lesendur í janúarhefti Norðurljóssins 1925 og hverjar hugmyndir hann gerir sér um þetta mikla galdratæki. Undir fyrirsögn sem vísar til þess að útvarpsstöðin muni sett upp fyrir gjafafé segir í undirfyrirsögn: „Þráðlausar“ firðtalstöðvar í hverjum

kaupstað og víða um sveitir.“ Þessi undirfyrirsögn endurspeglar þá miklu tiltrú sem Gook hafði á þessari nýju tækni enda segir hann: „Hið mesta undur nútímans, án nokkurs efa, er þráðlaust firðtal, eða „Radio“.“ Í greininni um fyrirhugað útvarp á Akureyri segir Gook frá því hvað útvarp sé, hver reynslan af því sé í útlöndum og hversu mikla möguleika það bjóði upp á. Nefnir hann m.a. í því sambandi fréttir, kennslu í tungumálum og guðsþjónustur. Þá greinir Gook frá því hvernig hann hafi aflað sér sambanda og tækja í Bretlandi og einnig að hann hafi fengið son gamals vinar síns til að setja upp stöðina á Akureyri. Sá maður sem hann vísar til er F.L. Hogg og bendir Gook á að Hogg hafi bæði skrifað um tæknilegar hliðar útvarps og verið fyrstur manna til að tala beint til Kanada í gegnum fjarskiptatæki sem hann hafði sjálfur búið til.¹ Hogg á eftir að koma frekar við sögu síðar. En Arthur Gook fékk leyfi til að reka útvarpsstöðina sumarið eða vorið 1925 og telur hann í frétt í Norðurljósinu að skilyrðin fyrir leyfinu séu sanngjörn. Kemur þar fram að samhliða hafi Útvarpi hf. í Reykjavík verið veitt sérleyfi til útvarpsreksturs á landsmælikvarða en það hafi hins vegar ekki áhrif á stöðina á Akureyri þar sem

útsendingarsvæðin verði ólík. Segist Gook þó ætla að góð samvinna verði milli stöðvanna enda hafi samningar náðst um að Akureyrarstöðin endurvarpi dagskrá frá Reykjavíkurstöðinni í sérstökum tilfellum ef svo beri undir, þannig að þeir sem ekki geti náð útsendingum Reykjavíkurstöðvarinnar beint geti hlustað á hana.²

Stórir draumar

Óhætt er að segja að draumsýnin með útvarpið var stór og metnaðarfull og náði til allra kaupstaða og margra sveita. „Á flestum stöðum verður eitt-hvert samkomuhús notað, og menn munu koma saman á ákveðnum tímum til að hlusta á.“³ Það er greinilegt í þessum fyrstu tölublöðum Norðurljóssins að Arthur Gook og hans fólk á Sjónarhæð hefur bundið miklar vonir við útvarpið og möguleika þess. Þannig má greina hjá honum von um að útvarpið geti orðið gagnlegt í byggðastefnu. Þetta má m.a. sjá í eftirfarandi ummælum sem féllu í janúar 1925:

„Einn árangur þess, að Radio hefir tíðkast, er að sveitalífið gerist mikið ánægjulegra, þar sem menn þurfa ekki að vera eins útilokaðir frá menningaráhrifum stórborganna. Bændur eru óðum að koma sjer upp tækjum, ekki eingöngu sín vegna, en vegna þess að það er miklu ljettara að halda hjúum á afskekktum stöðum þar sem Radiotæki eru fyrir. Sumir halda að Radio verði til þess að stöðva fólkstrauminn út sveitinni til kaupstaðanna, og ef til vill snúa honum við.“⁴

Og skömmu áður en útvarpsstöðin fer í loftið 1927, eftir talsverða erfiðleika við uppsetningu og tafir á afhendingu tækjabúnaðar⁵ fara að birtast upplýsingar um hvað eigi að vera í útvarpinu annað en fyrirlestrar, hljóðfærsláttur og fréttir, sem Gook hafði talað um strax í upphafi. Þannig segir hann:

„Við hverja útvarpsendingu verður tíma-merki gefið og veðurskeyti lesin upp. Innlendar og útlendar fréttir ... Seinna meir þegar þeim hefur fjölgað sem hlusta hefi jeg í hyggju að kenna ensku í útvarpinu ... Á hverjum sunnudegi ... verður útvarpað stuttri guðsþjónustu.“⁶

1) Norðurljósið 9. árg. 1. tbl. 1925 bls. 1-2

2) Norðurljósið 9. árg. 5.-6. tbl. 1925 bls. 20

3) Norðurljósið 9. árg. 1. tbl. 1925 bls. 2

4) Norðurljósið 9. árg. 1. tbl. 1925 bls. 1


5) Norðurljósið 9. árg. 7.-8. tbl. 1925 bls. 28

6) Norðurljósið 11. árg. 7.-8. tbl. 1927 Bls. 31

UMRÆÐAN



Unnið við uppsetningu á sendibúnaðinum í september 1927. Þetta eru F.L. Hogg (á jörðunni) og Eric Gook, sonur Arthurs Gook. (Mynd: Minjasafnið á Akureyri)



Loftnetsmöstrin sett upp – þau voru tvö 110 og 114 feta (um 35 m) há. (Mynd: Minjasafnið á Akureyri)

Það var síðan í september 1927 að útvarpsstöðin kom ásamt tveimur útvarpsvirkjum. Gook segir sjálfur frá því í Norðurljósinu og í viðtali við Íslending, að tækjabúnaðurinn hafi vegið „meira en tvær smálestir“ eða hátt í þrjú tonn.⁷ Tilraunaútsendingar hófust fljótlega í kjölfarið en búíð var að reisa tvö gríðarstór eða um 35 metra há loftnetsmöstur, annað 110

feta hátt og hitt 114 feta átt. Möstrin stóðu uppi á brekkubrún ofan við Sjónarhæð, þar sem heitir Barðsnef, sitt hvorum megin við gilskorning eða hvamm. Viðamikil jarðtengingakerfi fylgdi möstrunum, þar sem koparvír var grafinn í jörðu í gilhlíðunum beggja vegna samkvæmt ákveðnu kerfi og bera myndir sem nú eru á Minjasafninu á Akureyri úr myndasafni Arthurs

Gook því vitni hversu umfangsmikil framkvæmd þetta var. Þessi möstur eru til marks um stórhuginn sem fylgdi uppsetningu stöðvarinnar og þau áttu eftir að standa talsvert lengur en sem nam rekstri útvarpsstöðvarinnar, og verða afgerandi fyrir móttöku tilrauna-sendinga á vélrænu sjónvarpi nokkrum árum síðar.



Loftnetsmöstrin í brekkunni.



(Myndir: Minjasafnið á Akureyri)

7) Norðurljósið 11. árg. 7-8 bls. 31. Sjá einnig Súllur 45. hefti 2006 bls. 37


8) Norðurljósið 11. árg. 9-10. tbl. 1927 bls. 40




Jarðtenging loftneta mikilvæg, ákveðið kerfi – öðrum megin.
(Mynd: Minjasafnið á Akureyri)



Jarðtenging loftneta mikilvæg, ákveðið kerfi – og hinum megin.
(Mynd: Minjasafnið á Akureyri)



Útsendingarstöðin fyrir trúboðaútlarp Gooks uppsett. (Mynd: Minjasafnið á Akureyri)



Nýja rafstöðin. (Mynd: Minjasafnið á Akureyri)

Leyfið afturkallað

Útsendingar trúboðaútlarpsins á Akureyri urðu þó ekki langlífar og gengu ekki áfallalaust. Fljótlega kom í ljós að rafmagnið frá Glerárafstöðinni var ekki nægjanlega stöðugt og eftir nokkrar tilraunaútsendingar eða „eftir að hafa haft próf-útlarp nokkrum sinnum“ þurfti að hætta útsendingum tímabundið. Um þetta segir Gook: „Rafmagnið frá rafstöð bæjarins hefur reynt ófullnægjandi, svo að útlit er fyrir það, að útlarpsstöðin muni ekki geta komið að fullum notum, nema hún hafi tæki til þess að framleiða eigið rafmagn.“⁸ Þegar þetta varð ljóst ákvað Gook að fara til Bretlands og safna peningum og kaupa síðan nýja rafstöð. Sú rafstöð reyndist talsvert fullkomin og entist lengi og var undir lok aldarinnar m.a. notuð í kennslu í Verkmenntaskólanum.⁹ Rafstöðin var sett niður vorið 1929 í svokölluðu mót-orhúsi rétt við Sjónarhæð.¹⁰

Undir árslok 1929 er útlarpsleyfi Gook síðan afturkallað, enda má telja nokkuð ljóst að stjórnmöld vildu veðja á ríkisrekstur í útlarpi og þá þegar var hafinn undirbúningur að lögum um Ríkisútlarpið. Slíkur rekstur fól í sér einkaleyfi til rekstrar. Sæmundur G. Jóhannsson oft kenndur við Sjónarhæð, greinir frá því í ævisögu sinni að þegar Framsóknarflokkurinn komst til valda árið 1927 hafi orðið stefnubreyting í átt til ríkisrekstrar á útlarpi. „Leyfið var svo afturkallað. Allt varð til ónýtis. Ég var sendur á fund sr. Þorsteins Briem, er hann varð orðinn ráð-

9) Hörður Geirsson, Minjasafni Akureyrar, munnleg heimild

10) Súlar, hefti 45 2006 bls. 58

herra. Hann þverneitaði um leyfi, „ég verð að fara eftir því sem sérfræðingur minn segir mér,“ var svar hans. Sá sérfræðingur mun hafa verið alveg trúlaus maður, sem ekkert kærði sig um framgang lifandi kristindóms.“¹¹ Hér má greina þá kenningu að trúarleg afstaða hafi ráðið einhverju um að leyfið var ekki framlengt. Undir það tekur s. Bolli Gústavsson í grein í Morgunblaðinu frá 1984 þar sem hann segir m.a.: „Er ekki ósennilegt, að síra Þorsteini hafi þótt hart, að endurskír- arar skyldu skjóta þjóðkirkjunni ref fyrir rass og taka þessa áhrifamiklu tækni í þjónustu sína á undan öllum öðrum hér á landi.“¹² Hvað sem slíkum vangaveltum líður, þá er nú trúlegast að áform stjórnvalda um ríkisútvarp hafi ráðið mestu um að leyfið var afturkallað. Athyglisvert er að í bréfinu þar sem leyfið er afturkallað er Gook hvattur til að sækja aftur um sem hann og gerði. Hann mun hins vegar hafa fengið neitun um leið. Hermt er að Gook hafi tekið þessa synjun mjög nærri sér og yfirgefið útsendingarherbergið og hafi síðan aldrei komið inn í það framar.¹³

Sjónvarp úti í heimi

Um miðjan þriðja áratuginn, um það leyti sem þeir Arthur Gook og Otto B. Arnar voru að fá útvarpsleyfi sín í gegn hjá íslenskum stjórnvöldum, stóð yfir merkileg tilraunastarfsemi úti í hinum stóra heimi. Þar var verið að búa til sjónvarp. Það varð til á mjög svipuðum tíma í Bandaríkjunum og í Bretlandi. Í Bretlandi þróaði uppfinningamaðurinn John Logie Baird vélrænt sjónvarp sem gat flutt myndir þráðlaust á milli staða. Þetta afrek vann Baird í samvinnu við bandarískan kollega, Charles Francis Jenkins, en með þessari tækni var líka fundinn grunnurinn að því að senda símbref. Jenkins var frumkvöðullinn að símbrefaútgáfunni en Baird var maðurinn á bak við sjónvarpið.¹⁴ Í Bandaríkjunum var um svipað leyti Vladimir Zworykin að þróa sjónvarp sem byggði á rafrænni tækni. Þessir tveir tæknivalkostir, sá rafræni og sá vél-

ræni áttu eftir að keppa sín á milli um það hvor tæknin yrði almennt notuð í sjónvarpi. Einkum og sér í lagi var þessi samkeppni hörd í Bretlandi á árunum fyrir 1936 þegar BBC í Bretlandi hóf sínar reglubundnu útsendingar frá Alexandra Palace í Lundúnum. Árið áður höfðu hafist reglulegar útsendingar í Þýskaland á grundvelli hinnar rafrænu tækni og Bandaríkin fylgdu svo í kjölfarið með sömu tækni. Í Bretlandi og raunar á meginlandi Evrópu líka tók þessi samkeppni um tækni á sig form milli Baird-fyrirtækisins annars vegar sem var í fararbroddi hinnar vélrænu tækni, og svo hins vegar Marconi/EMI sem höfðu þróað aðrar aðferðir þar sem rafræna tæknin var í stóru hlutverki. Talsvert hefur verið skrifað um þessi átök og má t.d. lesa um þau í talsvert ítarlegu máli í æviminningum John Logie Baird sjálfs og eins í ævisögu hans.¹⁵ Er greinilegt að átökin voru hörd milli þeirra sem stóðu í eldlínu átakanna um hvaða tækni BBC myndi loks velja sem endanlega tækni til að nota við sjónvarpsrekstur. Baird-fyrirtækið reyndi hvað það gat til að koma vélrænu tækninni á framfæri á meðan Marconi/EMI ýtti fram sinni tækni. Þessi ákvörðun var síðan tekið síðla árs 1936 og varð þá Marconi/EMI tæknin fyrir valinu, þó svo að vélrænt sjónvarp væri áfram þróað og betrubætt allt fram að því að seinna stríðið braust út.

Vélrænt sjónvarp

Vélrænt sjónvarp byggðist á því að skanna mynd í gegnum sendidisk með götum sem mynduðu spirál og breyta þessari mynd í útvarpsbylgjur sem sendar voru út í loftið. Sendingin náðist með hefðbundnu útvarpsloftneti og móttakara sem síðan skilaði myndinni af sé eftir að bylgjurnar höfðu verið sendar í gegnum sérstakan móttökudisk sem var nánast eins og sendidiskurinn – alsettur götum sem mynduðu spirál. Með þessu var hægt að kalla fram upprunalegu myndina. Hvert gat á disknum svaraði til einnar línu á skjánum sem viðtakandi horfði á og var vélræna sjónvarpið framan af byggt á 30 gata/línu



Gæðin voru ekki mikil í fyrstu tækjunum. Þetta voru svokölluð 30 línu tæki en fljótlega fór þetta upp 180 línu tæki. Þessi mynd sýnir endurgerð myndar úr 30 línu tæki.

kerfi, en síðan fjölgaði götunum og upplausnin í myndinni varð sífellt betri, fór upp í 60 göt/línur og síðan í 180 og undir lok þriðja áratugarins voru götin/línurnar orðnar um 400 í finustu gerðum tækja. Snemma á fjórða áratugnum var farið að framleiða móttökutæki eða sjónvörp í Bretlandi sem tóku á móti tilraunaútsendingum á vélrænu sjónvarpi. Baird-fyrirtækið framleiddi t.d. svokallaðan „televisor“, sem var tæki sem var talsvert mikið um sig þó skjárin væri ekki stór og myndi sjálf aðeins um 2 cm á breidd og um 6 cm á hæð í þeim kerfum sem byggðu á 30 gata/línu aðferðinni. Fljótlega fór þó þessi skjár stækkandi og myndgæðin jukust eftir því sem tæknin byggði á fleiri götum. Myndin í 30 gata tækninni var þó ekki mjög skýr og var eiginlega í svörtu og rauðu til að byrja með frekar en svörtu og hvítu vegna þess að gasið sem notað var til að mynda ljósið sem lýsti í gegnum sendidiskinn var í raun rautt frekar en hvítt. Tækninni fleygði hins vegar fram á árunum upp úr 1930 og tilraunir voru gerðar til að bæta myndgæðin og sendingarmöguleika.

Crystal Palace

Í Bretlandi lagði Baird-fyrirtækið talsvert í að ná forskoti á þessu byrjunar-

11) Mannlíf í mótun 2. bindi
12) Morgunblaðið 08.12.1984

13) Súllur, hefti 45, 2006 bls. 58
14) Kadrey, Richard

15) Sjá Kamm. A og Baird. M. 2002; og Baird. J.L. 2004



Crystal Palace-byggingarnar.



Suðurturinn með loftnetum.

skeiði enda greinilegt að þar á bæ gerðu menn sér grein fyrir að mikið var í húfi. Þannig fór fyrirtækið út í umtalsverðar fjárfestingar í Suður-Lundúnum og keypti stóra byggingasamstæðu í Crystal Palace. Á árunum frá 1933-1936 voru þar starfrækt umfangsmikil sjónvarpsmyndver og þar voru kraftmestu sendar í heimi sem ekki voru í eigu BBC. Auk þessa voru þarna skrifstofur og rannsóknaraðstaða fyrir fyrirtækið. Byggingasamstæðan í Crystal Palace samanstóð af umtalsverðum húsakosti, en í sitt hvorn endann voru miklir vatnsturnar og var sá syðri stað-



Crystal Palace brennur í nóvember 1936.

settur þannig að hann var kjörinn sem loftnets- og útsendingarmastur fyrir sjónvarpið.¹⁶ Greinilegt er af samtímaheimildum í Bretlandi að almenningur og fjölmiðlar gerðu sér ekki grein fyrir því hvað þarna var um að vera, enda segir í frétt í New Cronicle, í febrúar 1935 að „tilvist fullbúinnar sjónvarpsútsendingarstöðvar í Crystal Palace sem getur sent út hvenær sem er, var hin óvænta uppljóstrun sem herra Baird opinberaði fyrir heimi útvarpsútsendinga í gær.“¹⁷ Útsendingarnar frá Crystal Palace voru margs konar á þessum tíma, og grundvölluðust á misjafnlega þróaðri tækni – eftir því hvenær á þessu tímabili þær fóru fram. Bæði var verið að senda út til Lundúna og nágrennis en einnig um lengri veg. Augljóst er að mikill hluti þessara útsendinga miðaði að því að skapa Baird-fyrirtækinu betri vígstöðu í samkeppninni miklu um hvaða tækni og vélbúnað BBC myndi á endanum velja, enda BBC strangt tiltekið með einkaleyfi til útsendinga á þessum tíma. Það gerðist svo með stuttu millibili síðla árs 1936 að Baird-fyrirtækið tapaði þessum slag fyrir Marconi/EMI, og að húsakynni fyrirtækisins í Crystal Palace nánast gjöreyðilögðust í miklum eldi.

Sendingar yfir Atlantshafið

Auk fjölmargra tæknilegra atriða sem

John Logie Baird og félagar gerðu tilraunir með og töldu styrkja sig í keppninni um að verða framtíðartæknin hjá BBC, þá er greinilegt að þeir tefldu fram sem rökum sér í hag, hversu langar vegalengdir þeir hefðu sent sitt sjónvarpsfni. Þetta kemur m.a. fram í minnisblaði sem A.G. Church major og einn helsti forustu- maður Baird-fyrirtækisins skrifaði sumarið 1935 þar sem hann var að draga fram hversu mikil almanna- tengsl sjónvarpið þeirra hefði. Helsti tilgangurinn með minnisblaðinu var að sýna fram á: (1) að þeirra kerfi væri best og (2) að tækin sem þeir framleiddu væru betri en það sem gerðist hjá öðrum í greininni. Í framhaldinu ténir hann til í átta liðum, sem sumir hverjir samanstanda af nokkrum undirliðum, atriði sem renna eiga stöðum undir að þeir séu fremstir og hafi mesta reynslu. Liður fjögur í þessari upptalningu er í tveimur undirliðum. Þar kemur fram að:

- „Baird Television Ltd. var fyrst til að: ...
- (b) Það er eina fyrirtækið sem hefur sent sjónvarpsmyndir yfir Atlantshafið og svo framvegis.“¹⁸

Augljóst er að með sendingu sjónvarpsmynda um langan veg, jafnvel alla leið yfir Atlantshafið, taldi Baird-fyrirtækið sig ná forskoti á keppinautana. Hinir öflugtu sendar í Crystal Palace og góð útvarpsloftnet vestan hafs hafa þar trúlega skipt sköpum.

16) Elen, Richard 2003

17) Elen, Richard 2003

18) Kamm A. & Baird M. 2002 bls.291

Í ljósi þessarar samkeppni, ætti ekki að þurfa að koma á óvart að forsvarsmenn Baird-fyrirtækisins hafi tekið vel breskum verkfræðingi og flinkum loftskeytaáhugamanni sem búsettur var á Íslandi, þegar hann bankaði upp á hjá þeim einhvern tíma í byrjun fjórða ára. Þessi maður var F.L. Hoog, sá sem Gook trúboði hafði fengið til sín að setja upp útvarpsstöðina nokkrum árum áður. Hogg sem hafði jú verið brautryðjandi í fjarskiptasendingum til Kanada, eins og áður segir, hefur áreiðanlega fylgst vel með því sem var að gerast í sjónvarpsmálum, jafnvel þótt almenningur og fjölmiðlar í Bretlandi virðist ekki hafa verið eins vel með á nótunum framan af ef marka má fréttina um leyndarmálið í Crystal Palace. Í það minnsta er ljóst af merku viðtali sem Guðrún Guðlaugsdóttir, blaðamaður, tók við Grím Sigurðsson útvarpsvirkjameistara árið 1980 í tilefni af 50 ára afmæli Ríkisútvarpsins, að Hogg fékk hjá Baird sjálfum eða einhverjum úr fyrirtækinu hans „sjónvarpstæki“ (hugsanlega „televisor“) til að fara með til Akureyrar til að taka við vélrænum sjónvarpsendingum. Hins vegar þurftu þeir Hogg og Grímur að smíða sjálfir ýmislegt í móttökubúnaðinum til að geta tekið við sendingunum.¹⁹

Sjónvarpsendingar til Akureyrar

Það sem skipti mestu máli í þessu sambandi var að sending sjónvarpsmyndanna var í formi útvarpsbylgna og loftnetin stóru sem reist höfðu verið vegna útvarpsstöðvarinnar á Barðsnefi voru kjörin til móttöku slíkra sendinga. Þess utan var til staðar ýmis búnaður á Akureyri og að sjálfsögðu þekking, sem gerði það að verkum að þessir tveir menn gátu tekið við tilraunaút-sendingum í hartnær tvö ár, frá 1934-1936. Grímur segir frá þessu í áður-nefndu viðtali og talar hann þar um að útsendingin hafi verið á mikilli bandvidd og að samráð hafi verið haft við útvarpsstöðvar víða í Evrópu sem lokað hafi fyrir útsendingar á miðbylgju meðan þessar tilteknu sendingar stóðu yfir.

Hann segir jafnframt að tæknin sem þeir Hogg hafi byggt á hafi verið 30 gata/línu tækni, þannig að skjárin og myndin sem þeir voru að skoða hefur ekki verið stór. Tilraunaút-sendingarnar voru að sögn Gríms fjögur kvöld í viku hverri og stóðu í um klukkutíma í hvert sinn á milli klukkan 22.00 og 23:00. Grímur lýsir ekki nákvæmlega hvað það var sem þeir voru að horfa á en getur þess þó að myndin hafi stundum verið mjög skýr. Sérstaklega rifjar hann upp að einhverju sinni hafi kona verið að dansa og að hún hafi verið með stóran hring á hendinni sem hafi sést vel.²⁰ Þessi lýsing gæti vel átt við eitt-hvað af því sem verið var að senda út frá Crystal Palace á þessum tíma en þar var m.a. myndver sem kallað var „Djöflakaffið“ eða „Café del Diablo“ þar sem sviðsmgjörðin var kaffihús. Í þessu kaffihúsi fóru síðan fram ýmis skemmtatriði og meðal annars dansaði þar kona að nafni Doris Sonne, og e.t.v. var það hún sem þeir Grímur og Hogg sáu svona skýrt um kvöld norður á Akureyri. Hver veit?!

Tveir einir með áhugann

Grímur er, þegar þarna var komið að sögu, enn ungur maður og í raun læri-

sveinn Hoggs, en þeir virðast þó báðir hafa haft brennandi áhuga á þessari nýju tækni. Það sama virðist þó ekki vera hægt að segja um aðra sem bjuggu í bæjarfélaginu Akureyri á þessum tíma. Þannig er ekki stafkrók að sjá um þessar sjónvarpsendingar í bæjarblöðunum frá þessum tíma og því greinilegt að almenningur á Akureyri hefur ekki haft miklu meiri vitneskju eða áhuga um tilvist og tilraunasendingar frá Crystal Palace en almenningur í Bretlandi hafði til að byrja með. Raunar eru til dæmi um það líka frá Ameríku að þeir sem þar voru í tilraunaút-sendingum á vélrænu sjónvarpi á þessum tíma kvörtuðu undan því að það væru fyrst og fremst sérlundaðir ungir tæknifrumkvöðlar, sem hefðu áhuga á sjónvarpi, og þá fyrst og fremst á tæknilegum atriðum þess, en fáir virtust skilja eða gera sér grein fyrir sjónvarpinu sem miðli.

Ekki einu sinni Arthur Gook – frumkvöðullinn og trúboðinn sjálfur – virðist hafa verið mjög upptekinn af þessari iðju félaga sinna úr útvarpsrekstrinum. Hvergi er að finna tilvísun til þessarar starfsemi eða til sjónvarps í dagbókar-kompum hans frá þessum tíma. Er þar þó ýmislegt smálegt og hversdagslegt tilgreint eins og gengur og t.a.m. eru



Grímur lýsir dansandi konu en það getur vel passað því á þessum árum voru send út söng og dansatriði úr stúdíói sem kallað var „Djöflakaffið“ eða „Café del Diablo“. Þar dansaði m.a. Doris Sonne.

19) Útvarpsviðtal við Grím Sigurðsson 13. des. 1980. Segulbandasafn RÚV

20) Útvarpsviðtal við Grím Sigurðsson 13. des. 1980. Segulbandasafn RÚV

Þar ýmsar tilvísanir til útvarpsstöðvarinnar meðan það ævintýri gekk yfir. Hins vegar er aldrei í dagbókarkompinum frá 1934-1936 minnst á að Hogg eða Grímur séu að taka á móti myndsendingum frá London á kvöldin.²¹ Þorsteinn J. Óskarsson, sem skrifaði ritið „Rafeindatækni í 150 ár og þættir úr sögu rafeindavirkja“, getur um viðtalið við Grím í bók sinni, og má trúlega þakka Þorsteini að þetta viðtal hefur ekki fallið alveg í gleyskunnar dá, og þar með upplýsingar um þetta fyrsta sjónvarpsævintýri á Íslandi. Þorsteinn hins vegar telur líklegt að Gook hafi verið með þeim félögum í ráðum við þessar sjónvarpsmóttök og segir beinlínis að „Arthur og félagar voru fyrstir til að taka á móti sjónvarpsendingum á Íslandi árið 1934.“²² Erfitt er um það að dæma hvort svo sé og vissulega kann Gook að hafa átt þarna einhvern hlut að máli þótt ekki hafi hann fært það í dagbækurnar. En þá má þó einnig rifja upp að Gook varð mjög hvekkur þegar útvarpsleyfið var af honum tekið og mun hann aldrei hafa komið inn í útsendingarherbergjið eftir synjunina. Hugsanlega hefur Hogg ekki viljað ergja forstöðumanninn mikið með sjónvarpsmálum af þeim sökum. Hitt verður þó ekki um deilt að það var fyrir tilstilli Gook að allar forsendur sköpuðust fyrir þessum sjónvarpsmóttökum á Akureyri, það var hann sem kallaði til F.L. Hogg og það var hann sem hrinti af stað uppsetningu útvarpsstöðvarinnar með uppsetningu loftnetsmastranna sem skiptu sköpum um móttöku sjónvarpsefnisins.

Merkilegt framtak

Fyrst og fremst virðast það þó hafa verið þeir Grímur Sigurðsson og F.L. Hogg sem stóðu í þessum móttökum

og höfðu áhuga á þeim. Kannski má segja að þeir hafi verið „tæknisinnaðir sérvitringar“ sem höfðu lítinn áhuga á að segja frá því sem þeir voru að gera og aðrir höfðu lítinn áhuga á að fylgjast með. Það breytir ekki því að þessir tveir menn voru ótvírætt þátttakendur og meðlimir í hinni alþjóðlegu framvarðarsveit, sem skóp eitt mesta tækniundur 20. aldarinnar – sjónvarpið. Aðrir bæjarbúar hugsuðu um að eiga salt í grautinn og að rækta kartöflugarðinn sinn! Það er e.t.v. táknrænt fyrir það tómlæti eða skilningsleysi sem þessi merka fyrsta tilraun með sjónvarp á Íslandi hefur mætt að í hinu mikilvæga útvarpsviðtali við Grím þar sem hann lýsir því sem gerðist, var í raun ekki verið að tala við hann vegna þessa máls. Það var verið að tala við hann vegna þess að hann varð síðar starfsmaður og útvarpsvirkjameistari hjá RÚV og þetta var hátíðarspjall vegna afmælis þeirrar stofnunar. Enda má segja að arfur bæði trúboðaútvarps Gooks og sjónvarpsævintýris þeirra Gríms og Hogg hafi einmitt nýst Ríkisútvarpinu og uppbyggingu útvarps hér á landi í gegnum þekkingu og reynslu Gríms. Í viðtalinu segir Grímur hins vegar frá þessu sem einskonar formála og er greinilega áhugasamur, en þáttarstjórnandinn hefur takmarkaðan áhuga á smáatriðunum, og snýr talinu að öðru og spyr um félagslíf í gamla daga hjá RÚV. Enda var jú þátturinn um RÚV! Engum datt í hug að hafa annað viðtal við Grím og fjalla ítarlega um einmitt þetta efni áður en hann dó árið 1984 – því miður!

Heimildir:

Baird, John Logie (2004) *Television and me, the memories of John Logie Baird* Mercatpress

Bolli Gústavsson (1984) Morgunblaðið 8. desember 1984

Elen, Richard (2003) „Baird's Independent Television“ Veftimaritíð *Electromusications* vefslóð: <http://www.ambisonic.net/bairdcp.html> (sótt 23.06 2006)

Gook, Arthur (1925) „Íslendingum boðin stórgjöf“ Norðurljósið 9. árg. 1. tbl.

Gook, Arthur (1925) „Um Radio-málið“ *Norðurljósið* 9. árg. 5.-6. tbl.

Gook, Arthur (1927) „Útvarpsstöðin“ *Norðurljósið* 11. árg. 9.-10. tbl.

Gook, Arthur (1929) „Útvarpsstöðin“ *Norðurljósið* 12. árg. 1.-2. tbl.

Gook, Arthur (1929) „Útvarpsstöðin“ *Norðurljósið* 12. árg. 9.-10. tbl.

Gook, Arthur (1929) „Radio-tæki“ *Norðurljósið* 12. árg. 11.-12. tbl.

Gook, Arthur (1930) „Útvarpsstöðin“ *Norðurljósið* 13. árg. 1.-2. tbl.

Gook, Arthur (1929-1936) *Dagbækur í handriti á Héraðsskjalasafni Akureyrar*

Guðrún Guðlaugsdóttir (1980) „Útvarpsviðtal við Grím Sigurðsson“, 14. desember 1980, Segulbandasafn RÚV

Guðrún Kristinsdóttir (2006) „Arthur Gook“ *Súlu* 45. hefti 32. árg.

Herbert, Ray (ódagsett) „Crystal Palace Television Studios“ Vefsetur: Baird Television vefslóð: <http://www.bairdtelevision.com/crystalpalace.html> (sótt 21.06 2006)

Hörður Geirsson (2006) Ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri, munnleg heimild nóvember 2006

Ingólfur Ármannsson (2006) „Útvarpsstöðin“ *Súlu* 45. hefti 32. árg.

Kadery, Richard (ódagsett) „Early / Mechanical Television Systems“ Vefsetur: *The dead media Project* vefslóð: <http://inventors.about.com/gi/dynamic/offsite.htm?site=http://www.acmi.net.au/AIC/DEAD%5FMEDIA%5FMECH%5FTV.html> (sótt 24.11 2006)

Kamm, Antony & Baird, Malcolm (2002) *John Logie Baird, a life* National Museum of Scotland Publishing

Magnús Hjálmarsson: „Minning: Grímur Sigurðsson útvarpsvirkjameistari“ *Morgunblaðið* 1. ágúst 1984

Sæmundur G. Jóhannesson (1976) „Útvarpsstöðin á Akureyri“ *Norðurljósið* 57. árg. 1. tbl.

Sæmundur G. Jóhannesson (1981) *Mannlíf í móti: Æviminningar Sæmundar G. Jóhannessonar frá Sjónarhæð, 2 bindi: Starfið og fleira*. Akureyri: Skjaldborg

Þorsteinn J. Óskarsson (2001) *Rafeindatækni í 150 ár, og þættir úr sögu rafeindavirkja Félags rafeindavirkja*, Félags rafeinda- og tölvufyrirtækja

21) Dagbækur Gook 1927-1936 – Héraðsskjalasafnið á Akureyri

22) Þorsteinn J. Óskarsson 2001 bls.111



Eftiráskýringar menntamálaráðherra



Eftir
Örnur Schramm
formann B.Í.

Menntamálaráðherra hunsaði nýverið tilnefningar stjórnar Blaðamannafélags Íslands í sérfræðinganevnd norræna blaðamannaskólans í Árósum, NJC. Þess í stað skipaði ráðherra sína eigin fulltrúa í skólann. Er það í fyrsta sinn í fimmtíu ára sögu skólans sem ráðuneytið hunsar tilnefningar BÍ í nefnd skólans. Íslenski ráðherrann er aukinheldur eini ráðherrann á Norðurlöndunum sem ekki fer að tilnefningum viðkomandi fagfélags. Blaðamannafélag Íslands hefur ekki fengið neinar haldbærar skýringar á því hvers vegna ráðherrann kaus að rjúfa áratuga samstarf við BÍ um NJC. BÍ telur því að það hafi aldrei staðið til að hafa samráð við BÍ um NJC.

NJC er endurmenntunarskóli fyrir norræna blaðamenn og hafa hundruð íslenskra blaðamanna sótt námskeið skólans síðustu áratugi. BÍ hefur styrkt þá sérstaklega til námsins með styrkjum úr sjóðum félagsins. NJC var lengi vel sérstofnun undir Norrænu ráðherranefndinni en nýverið var gerð umdeild breyting á skipulagi skólans og hann settur undir danska endurmenntunarstofnun. Þór Jónsson, fyrrverandi fréttamaður á Stöð 2, var fulltrúi BÍ í stjórn skólans síðustu árin, en óskaði ekki eftir því að vera þar áfram eftir að hann skipti um starfsvettvang.

Rétt fyrir jól hafði starfsmaður menntamálaráðuneytisins, Elfa Ýr Gylfadóttir, samband við undirritaða,

formann BÍ, og það félagið um að tilnefna í sérfræðinganevnd NJC. Stjórnin ákvað að tilnefna Birgi Guðmundsson, lektor í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri, og ritstjóra Blaðamanns BÍ, sem aðalman. Seinna var Svanborg Sigmarsdóttir, blaðamaður á Fréttablaðinu, tilnefnd sem vara- maður. Elfa Ýr var látin vita um þessar tilnefningar í síma og sagði hún við undirritaða hinn 6. desember sl. að búið væri að samþykkja tilnefningu Birgis.

Fyrir tilviljun frétti síðan stjórn BÍ í janúar síðastliðnum að ráðherra hefði ekki farið að tilnefningum BÍ heldur skipað þau Ólaf Þ. Stephensen aðstoðarritstjóra sem aðalman í sérfræðinganevndina og fyrrnefndu Elfu Ýr sem varamann. Kom það stjórninni mjög á óvart og sendi stjórnin bréf til ráðherra þar sem óskað var skýringa.

BÍ benti meðal annars á í bréfi sínu að Henrica Zilliacus-Tikkanen hefði birt úttekt á NJC í apríl 2006 fyrir Norrænu ráðherranefndina. Í þeirri úttekt er meðal annars minnt á að skólinn hafi á sínum tíma verið stofnaður að frumkvæði blaðamannasamtaka á Norðurlöndunum. Þá er í úttektinni lögð rík áhersla á að samtök blaðamanna og útgefenda styðji rekstur NJC áfram og hefðu bein afskipti af stjórn skólans. Ekki síst í því ljósi vekur furðu sú ákvörðun ráðherra að skipa aðra fulltrúa í sérfræðinganevnd NJC en BÍ gerði tillögu um.

Áður en ráðherra svaraði formlega bréfi BÍ sagði hún við fjölmiðla, þegar hún var innt eftir skýringum á þessu, að þar sem hugmyndir um breytingar á NJC fælu m.a. í sér að nám í blaðamennsku yrði fært til háskóladeilda í hverju landi hefði

henni þótt rétt að skipa ekki háskólaman í sérfræðinganevndina, enda skapaði það hættu á hagsmunaaðrekstrum.

Blaðamannafélagið minnti ráðherrann á, í yfirlýsingu, að í sérfræðinganevndinni væru nú þegar fulltrúar þeirra háskólastofnana á Norðurlöndunum sem leitað verður til vegna endurmenntunar blaðamanna, samkvæmt þeim breytingum sem menntamálaráðherrar Norðurlanda létu gera á starfseminni.

Auk þess hefur BÍ bent ráðherra á að Ólafur Þ. Stephensen sitji í stjórn MA-náms Háskóla Íslands í blaða- og fréttamennsku. Þar með hrynja allar eftiráskýringar ráðherrans um hagsmunaaðrekstra.

Rétt er að taka fram að stjórn BÍ þykir miður að mál hafi þróast á þennan veg og að ráðuneytið hafi kosið að slíta öllu samstarfi við félagið um starfsemi NJC. Starfsemi skólans snýst jú um blaðamenn og endurmenntun þeirra.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra.

Ámælisvert brot

hjá Blaðinu

Mál nr. 4/2006-2007

Kærandi: Orkuveita Reykjavíkur

Kærðu: Blaðið, Sigurjón M. Egilsson, Gunnhildur Anna Gunnarsdóttir og Trausti Hafsteinson.

Málsmeðferð:

Málið var kært til siðanefndar með bréfi Eiríks Hjálmarssonar, upplýsingafulltrúa Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28. 11. 2006. Með kærinni fylgdi ljósrit af umfjöllun Blaðsins 20. og 21. október og 25. nóvember, tölvupóstur frá upplýsingafulltrúanum til Blaðsins í kjölfar umfjöllunar, afrit af samkomulagi Orkuveitu Reykjavíkur og sveitarfélagsins Ölfuss og útprentun af heimasíðu Orkuveitunnar. Siðanefnd óskaði frekari upplýsinga frá Orkuveitunni um verðmat samnings sem til umræðu er og bárust þær með bréfi dags. 12. desember 2006. Sjónarmið Trausta Hafsteinsonar, blaðamanns, bárust nefndinni 22. janúar, svar Gunnhildar Önnu Gunnarsdóttur, fréttastjóra, barst nefndinni 16. janúar og Sigurjóns M. Egilssonar, ritstjóra, 22. janúar 2007. Siðanefnd fjallaði um málið á fundum 4. desember, 29. janúar og 19. febrúar 2006.

Málavextir:

Þann 20. október birtist á forsíðu frétt í Blaðinu undir fyrirsögninni „Hafa ekki virkjunarleyfi“ og sagði þar frá framkvæmdum Orkuveitu Reykjavíkur á Hengillssvæðinu. Sveitarstjórn Ölfuss hefði veitt Orkuveitunni „bráðabirgðaleyfi til virkjunarframkvæmda á Skarðsmýrarfjalli og við Hverahlíð án þess að framkvæmdin komi fram á nógildandi aðal- og deiliskipulagi. Gerður var sérstakur samningur sem metinn er á fimm


hundruð milljónir króna sem renna í sjóði sveitarfélagsins.“ Á forsíðu var vísað í frekari umfjöllun á bls. 6 en fyrirsögnin þar var „Borað í trássi við lög-in“ með undirfyrirsögnunum: „Lögleysa að veita bráðabirgðaleyfi“ og „Samningurinn jaðrar við mútur“. Daginn eftir birtist síðan frétt á bls. 6 með yfirfyrirsögninni: „Ölfus gaf út virkjunarleyfi fyrir Helliðarvirkjun“ og aðal-fyrirsögninni „Skipulagsstjóri bíður skýringa frá sveitarfélagi“. Í fréttinni kemur m.a. fram að Orkuveitan hafi virkjunarleyfi en sveitarfélagið hafi gefið leyfi fyrir framkvæmdum á Skarðsmýrarfjalli og í Hverahlíð. Þann 25. nóvember fjallaði leiðari Blaðsins eftir Gunnhildi Önnu Gunnarsdóttur um málið með fyrirsögninni „Hálfur milljarður milli vina“.

Í kæru segir að strax eftir að Blaðið hafi borist Orkuveitu Reykjavíkur 20. október hafi verið haft samband við ritstjórn blaðsins og farið fram á leiðréttingu á rang-

ekki í höndum sveitarfélagsins að veita virkjunarleyfi. Einnig var óskað eftir leiðréttingu á röngum fullyrðingum um verðmat samnings Orkuveitunnar og sveitarfélagsins. Daginn eftir, þann 21. október, hefði hins vegar birst frétt um málið án þess að sjónarmið Orkuveitunnar um téðan samning hafi komið fram. Þá hafi rangfærslan í aðalfyrirsögn á forsíðu daginn áður verið leiðrétt „án þess þó að fram sé tekið að um leiðréttingu sé að ræða, í einni setningu í síðari hluta fréttar neðast á bls. 6“. Aftur hafði fulltrúi kæranda samband við Blaðið og óskaði eftir því að fullyrðingar um að Orkuveita Reykjavíkur hefði ekki virkjunarleyfi á svæðinu væri leiðrétt svo og fullyrðingar um verðmat á samningi Orkuveitu Reykjavíkur við sveitarfélagið. Þrátt fyrir þessar óskir hefði birst leiðari 25. nóvember þar sem „látið er að því liggja með ýmsum hætti að hinn opinberi samningur lykti af spillingu“.

Í svari Trausta Hafsteinsonar kemur fram að fyrirsögnin á forsíðu 20. október „Hafa ekki virkjunarleyfi“ hafi verið röng og hefði átt að tala um framkvæmdaleyfi en ekki virkjunarleyfi. Hann segist ekki hafa samið fyrirsögnina og því ekki bera ábyrgð á henni. Í svari Gunnhildar kemur einnig fram að í fyrirsögn hafi verið rangfærslur en þær hafi verið leiðréttar í frétt Blaðsins daginn eftir þar sem komið hefði fram að Orkuveitan hefði virkjunarleyfi. Hún segir jafnframt að „mistök í fyrirsögn en rétt innihald fréttar geri fréttalutninginn ekki vafasaman.“

Varðandi verðmat samnings Orkuveitunnar og sveitarfélagsins segja bæði Gunnhildur og Trausti að heimildarmenn blaðsins hafi metið samninginn á hálfan milljarð. Þau benda á



færslu í fyrirsögninni á forsíðu. Hið rétta væri að Orkuveita Reykjavíkur hefði virkjunarleyfi á svæðinu og það væri

að ýmsar tölur séu nefndar í samningnum um ýmis verk sem Orkuveitan hafi samið við sveitarfélagið um að greiða og þetta sé alls um 201 milljón. Að auki séu nefnd mörg verkefni sem ekki eru beinlínis verðlögd í samningnum sem megi meta á um 300 milljónir. Telja hvorki Gunnhildur né Trausti að nauðsynlegt hafi verið að leita eftir mati Orkuveitunnar á samningnum. Trausti segist ekki hafa „ástæðu til að ætla að Orkuveita Reykjavíkur sé traustari heimild en heimildarmenn Blaðsins þegar kemur að því að verðleggja liði samningsins.“

Umfjöllun:

Siðanefnd fjallar ekki um leiðaraskrif dagblaða eða annað efni sem sett er fram sem persónulegar skoðanir undir fullu nafni, sbr. 5. grein siðareglna B.Í. Ekki verður því frekar fjallað um skrif Blaðsins um málið 25. nóvember. Eftir standa spurningar um leiðréttingu á upphaflegri fyrirsögn og

verðmat umrædds samnings. Í svörum kærðu er viðurkennt að upphafleg fyrirsögn hafi verið röng og fullyrt að hún hafi verið leiðrétt í frétt daginn eftir. Þó vissulega hafi komið fram í fréttinni að OR hafi virkjunarleyfi er rangfærslu enn að finna í yfirfyrirsögn þar sem segir: „Ölfus gaf út virkjunarleyfi fyrir Hellisheiðarvirkjun“. Þá kemur ekki fram í greininni að fullyrðingar frá deginum áður hafi verið rangar. Að mati siðanefndar er leiðréttingunni ábótavant.

Hvað varðar verðmat samningsins þá er fullyrt á forsiðu 20. október að samningurinn sé metinn á fimm hundruð milljónir. Hvorki er gerður neinn fyrirvari um þetta mat né kemur fram að það sé mat heimildarmanna Blaðsins. Í greininni inni í blaðinu sama dag er sömu fullyrðingu að finna án nokkurra fyrirvara eða tilvísana í heimildarmenn. Af samningnum að dæma er ljóst að meta má samninginn með ýmsum hætti og rétt hefði verið að gera fyrirvara við upphæðina sem

nefnd er í fréttinni. Eins og málið er sett fram má jafnvel skilja það sem verðmat samningsaðila sjálfra. Í fréttinni er vísað í ummæli nafngreinds aðila sem segir að túlka megi samninginn sem mútur. Í undirfyrirsögn og myndatexta er hins vegar fullyrt að samningurinn jaðri við mútur, án þess að vísa í fyrrgreindan heimildarmann. Hér skortir því á nákvæmni í framsetningu efnisins og ekki eru eðlilegir fyrirvarar á fullyrðingum fréttarinnar.

Úrskurður:

Blaðið telst hafa brotið 3. grein siðareglna. Brotið er ámælisvert.

Reykjavík, 19. febrúar 2007

*Hjörtur Gíslason,
Sigurveig Jónsdóttir,
Brynhildur Ólafsdóttir,
Salvör Nordal,
Jóhannes Tómasson*



Endurmenntunar- og háskólasjóður blaðamanna

Námsstyrkir

vor/haust 2007

Stjórn Endurmenntunarsjóðs blaðamanna auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, vegna lengra eða skemmra náms fastráðinna félaga í Blaðamannafélaginu á tímabilinu

júní-deember 2007

Umsóknum skal skilað fyrir mánudaginn

2. apríl nk. til skrifstofu BÍ.

Hægt er að fá eyðublöð á heimasíðunni

w.w.w. press.is eða sækja þau á

skrifstofu félagsins.

Námskeið sem koma til greina við úthlutun styrkja eru m.a.:

- Nám við háskólastofnun á Íslandi
- Annað lengra nám hérlendis
- Endurmenntun á vegum erlendra skólastofnana
